330.1
Key
KEYNES, John Maynard:
Altæka kenningin um atvinnu, vexti og peninga. Kaflar.
LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
1961

JOHN MAYNARD KEYNES

ALTÆKA KENNINGIN UM ATVINNU, VEXTI OG PENINGA. KAFLAR

HELGAFELL

ALTÆKA KENNINGIN UM ATVINNU, VEXTI OG PENINGA

KAFLAR

330.1
Key

JOHN MAYNARD KEYNES

ALTÆKA KENNINGIN UM ATVINNU, VEXTI OG PENINGA. KAFLAR

HARALDUR JÓHANNSSON
hefur þýtt og samið inngang

HELGAFELL
REYKJAVÍK
1961

LANDSBÓKASAFN
234327
ÍSLANDS

Printed in Iceland

Prentað í 300 eintökum.
Prentsmiðja Guðmundar Jóhannssonar

UM GAGNRÝNI J. M. KEYNES
Á ATVINNUKENNINGU ENSKA
HAGFRÆÐISKÓLANS

UM GAGNRÝNI J. M. KEYNES Á ATVINNUKENNINGU ENSKA HAGFRÆÐISKÓLANS

J. M. Keynes segir í upphafi annars kapítula öndvegisrits síns, *The General Theory of Employment, Interest and Money,* Altæka kenningarinnar um atvinnu, vexti og peninga, að „hrein kenning þess, hvað ákvarði *í reynd* nýtingu fáanlegra verðmæta hafi sjaldan verið rannsökuð ofan í smáatriði . . ." Og hann heldur áfram: „Ég á ekki við, að yfir þetta viðfangsefni hafi sézt, heldur hafi grundvallarkenningin að baki henni verið talin svo einföld og auðsæ, að hennar hefur rétt aðeins verið getið, þegar bezt hefur látið."

Í huga hafði J. M. Keynes kenningar enska hagfræðiskólans, „sígilda skólans", Ricardos og

eftirkomenda hans,[1]) eins og kunnugt er, þegar hann ræddi um hagfræðilegar kenningar án aðgreiningar í *The General Theory*. En reynt verður að gera nokkra grein fyrir skilningi J. M. Keynes á atvinnukenningu enska hagfræðiskólans og gagnrýni hans á kenningu þessari.

I.

Grundvallaratriði atvinnukenningar enska hagfræðiskólans gagnrýndi J. M. Keynes að sjálfsögðu í framsetningu Alfreds Marshalls, en atvinnukenningu þessa sem leiðarvísi í atvinnumálum í framsetningu A. C. Pigous, þess sem tók við prófessorstöðu Alfreds Marshalls. Grundvallaratriði atvinnukenningar enska hagfræðiskólans hafði Alfred Marshall sett fram í

---

1) J. M. Keynes reit: „Sigildu hagfræðingarnir" var heiti, sem Marx tók upp yfir Ricardo og James Mill og fyrirrennara þeirra, það er að segja yfir frumkvöðla kenningarinnar, sem náði hámarki sínu í hagfræði Ricardos. Ég hef vanizt á að telja til „sígilda skólans" **fylgjendur** Ricardos, þótt ég hafi með því móti ef til vill gerzt sekur um misnotkun orða, það er að segja þá, sem tileinkuðu sér og fullkomnuðu kenningar Ricardos; meðal þeirra (til dæmis) J. S. Mill, Marshall, Edgeworth og Pigou prófessor." **The General Theory of Employment, Interest and Money**, London 1947, bls. 3 ngr.

kennslubók sinni, *Principles of Economics*. Undirstöðuatriðum hagfræðinnar, en í riti þessu hafði hann dregið saman kenningar enska hagfræðiskólans undir lok 19. aldar. Um þá stefnu í atvinnumálum, sem ríkinu samkvæmt atvinnukenningu þessari bar að halda uppi, fjallaði A. C. Pigou í bók sinni *Theory of Unemployment*, kenningu um atvinnuleysi. En um gagnrýni sína á bók A. C. Pigous sagði J. M. Keynes: „Ég hef gagnrýnt ítarlega kenningu A. C. Pigous um atvinnuleysi, ekki sökum þess að rit hans virðist liggja betur við gagnrýni en rit annarra hagfræðinga „sígilda skólans", heldur sökum hins, að hann hefur gert einu tilraunina, svo að mér sé um kunnugt, til þess að setja nákvæmlega fram sígildu kenninguna um atvinnuleysi. Mér hefur þess vegna verið skylt að koma fram með mótbárur mínar gegn kenningunni í hinni beztu framsetningu, sem á er völ."[1])

Afstaða hagfræðinga af enska skólanum til atvinnuleysis var ótvíræð: Til atvinnuleysis gat ekki komið. Alfred Marshall fór um atvinnuleysi þessum orðum: „Óstöðug atvinna er mikið böl, sem athygli almennings beinist að, eins

1) ibid., bls. 279.

og réttmætt er. En allmargar orsakir stuðla að því að það sýnist meira en það er í reynd ... Engin góð ástæða er til þess að líta svo á, að handverksmenn á miðöldum hafi haft stöðuga atvinnu. Og nú í Evrópu er atvinna hvað óstöðugust í vestri í atvinnuvegunum utan landbúnaðar með mestu miðaldafyrirkomulagi og í atvinnugreinum Austur- og Suður-Evrópu, mótuðum öðrum fremur af miðaldavenjum ... Og þótt hraði uppfinninga, hverfulleiki tízkunnar og, umfram allt annað, óstöðugleiki lána hafi óneitanlega borið truflandi verkanir inn í iðnað nútímans, gætir samt sem áður annarra öflugra verkana til andófs, og engin gild ástæða ætti að vera til að ætla að óstöðugleiki atvinnu fari yfirleitt vaxandi."[1])

Hagfræðingar af enska skólanum litu þessum augum á atvinnuleysi, sökum þess að þeir aðhylltust það lögmál um markaðina, sem kennt er við franska hagfræðinginn J. B. Say, að framboð skapi sína eigin eftirspurn. Lögmál þetta, þótt við fyrstu sýn kunni að virðast orðaleikur, er ekki án merkingar. Að sama hætti og magn peninga þótti ekki hafa

---

1) Marshall **Principles of Economics**, 8. útg., bls. 687—8.

áhrif á myndun skiptagilda í kenningakerfi Ricardos, þurfti ekki að telja magn eftirspurnar (sem mælanlegrar heildarstærðar) til þátt-anna, sem ákvarða magn framleiðslu. Þegar litið var á atvinnustarfsemina sem heild, þurfti þess vegna ekki að taka tillit til ástandsins á markaðnum. Þannig sagði John Stuart Mill: „Greiðslur fyrir vörur eru einfaldlega fólgnar í vörum. Geta hvers og eins til að greiða fyrir framleiðslu annarra er falin í þeirri (framleiðslu), sem hann á sjálfur. Allir seljendur eru óhjákvæmilega og í eiginlegri merkingu orðsins, kaupendur. Ef unnt væri að tvöfalda skyndilega framleiðslugetu lands eins, yrði framboð vara tvöfaldað á sérhverjum markaði; en kaupgetan hefði jöfnum höndum verið tvöfölduð. Hver og einn legði til tvöfalda eftirspurn, hver og einn gæti keypt tvisvar sinnum meira en áður, vegna þess að sérhver hefði tvöfalt magn til þess að bjóða í skiptum."[1]) Og W. Stanley Jevons var í *The Theory of Political Economy* þessarar sömu skoðunar: „Kenningin um skiptingu vinnu (niður á atvinnuvegi) gerir okkur fært að skilja greinilegar merkingu *offram-*

1) J. S. Mill: **Principles of Political Economy**, III. bók, xiv. kapítuli, 2 hl.

leiðslu í viðskiptum. Þeir, sem skrifuðu áður fyrr um hagfræði, óttuðust jafnan, að til ofgnægðar vara kæmi, sem stafaði af því, að framleiðslugetan færi fram úr þörfum neytendanna, svo að iðnaðurinn stöðvaðist, atvinna brygðist og allir nema hinir ríku syltu vegna ofgnóttar vara. Kenningin er bersýnilega fjarstæðukennd og mótsagnakennd ... Offramleiðsla getur ekki orðið í öllum greinum samtímis, en hún getur orðið í sumum í samanburði við aðrar."[1]) Í *Principles of Economics* tók Marshall upp framangreind orð Mills, en bætti þó við: „En þótt menn hafi getuna til þess að kaupa, vilja þeir ef til vill ekki kaupa samt sem áður."

II.

Atvinnukenning enska hagfræðiskólans hvíldi á tveimur frumhæfingum, að J. M. Keynes telur, sem í framsetningu Alberts Marshalls voru þannig:

I. Laun eru jöfn framleiðslu vinnu á jaðrin-

1) W. S. Jevons: **The Theory of Political Economy**, London 1871, bls. 190.

um, (þ. e. þess manns, sem síðast var ráðinn).

II. Not launanna, miðað við þegar þekkt og ákvarðað umfang atvinnu, eru jöfn ónotum (eða óþægindum) við vinnu á jaðri þess umfangs atvinnu, (þ. e. þess manns, sem síðast var ráðinn).

Í *Principles of Economics* segir Marshall þannig, að „laun sérhvers flokks verkafólks hafi tilhneigingu til að verða jöfn nettóframleiðslu fyrir atbeina aukalegrar vinnu verkamannsins á jaðrinum í þeim flokki.“[1]) Og enn segir hann, að „framboð sé aðallega komið undir yfirbugun tregðu til þess að þola „óþægindi“ ... Óþægindi við vinnu geta stafað af líkamlegri eða andlegri þreytu eða af því, að hún er innt af hendi í óheilnæmu umhverfi eða með óæskilegum samstarfsmönnum eða sökum þess, að hún er unnin á tíma, sem menn kysu að verja sér til afþreyingar eða félagslegrar eða andlegrar starfsemi. En hvernig sem óþægindunum er háttað, þá er meira til þeirra fundið, eftir því sem vinnan verður strangari eða varir lengur ... Sem tæknilegt heiti þessa má velja *ónot við*

1) Marshall, op. cit., bls. 518.

vinnu á jaðrinum ... ónot við vinnu á jaðrinum fara þess vegna venjulega vaxandi, eftir því sem meira er unnið."[1]) Alfred Marshall segir enn, að „það sé í stórum dráttum satt, að framlag sérhvers hóps verkamanna vex eða minnkar við vöxt eða fall þeirrar umbunar, sem þeim er boðin ... Og ef andartak væri gert ráð fyrir, að framleiðslan væri einvörðungu komin undir framlagi tiltekins hóps verkamanna, sem þegar væri til staðar og þjálfaður í störfum sínum, næðist listi yfir framboðsverð. ... En að baki þessarar einföldu aðferðar til að fjalla um framboð hvers konar verkafólks og þá jafnframt farmboð vara, sem það býr til, er sú forsenda, að fjöldi þeirra, sem til þessara (verka) séu hæfir, sé fastskorðuð; og sú forsenda gildir einungis um stutt skeið."[2]) Alfred Marshall tekur fram, að „Kenning sú, að laun verkamanna hafi tilhneigingu til að verða jöfn nettó-framleiðslu vinnu þeirra, hefur í sjálfu sér enga raunverulega merkingu, þar sem telja verður kunnan allan kostnað við framleiðslu vörunnar, sem þeir vinna við, annan en laun þeirra. En þótt mótbára þessi sé gild gegn kröfum um, að hún feli

1) ibid., bls. 140—1.
2) ibid., bls. 142—3.

í sér kenningu um laun; er hún ekki gild gegn fyllyrðingum um, að kenningin bregði ekki birtu á hegðan einnar þeirra orsaka, sem ráða launum.“[1]) Þrátt fyrir þennan fyrirvara Alfreds Marshalls urðu þessar kennisetningar grundvöllur launakenningar. „Mótuð undir lok 19. aldar hlaut hún viðurkenningu alls þorra hagfræðinga, svo að hún leysti að mestu af hólmi allar aðrar launakenningar.“[2])

Kenning þessi um laun í samræmi við framleiðslu verkafólks á jaðrinum var tilraun til þess að skýra bæði hæð launa og launahlutföll, ekki aðeins verkamanna, heldur jafnframt með nokkrum aðlögunum allra annarra framleiðsluþátta. Forsendur launakenningar þessarar voru alger samkeppni, (og þá jafnframt alger hreyfanleiki vinnuafls,) og minnkandi afköst með vaxandi framleiðslu. Framboð vinnuafls mynda fjöldi manna, fús og fær til vinnu, verkhæfni þeirra og lengd vinnudagsins. Framboð vinnuafls vex með hækkandi launum, en fellur með lækkandi launum, nær strax gagnvart einstökum fyrirtækjum, bráðlega gagnvart hagkerfinu

---

1) ibid., bls. 518.
2) **Encyclopeadia Britannica**, 23. bindi, 1957., útg., **Wages.**

öllu. Vinnuafl geta fyrirtæki ráðið eftir þörfum við gildandi verði, en þau hvert um sig ráða aftur á móti engu um gildandi verðlag vinnuafls, launastigann. Sérhvert fyrirtæki bætir við mönnum til starfs, unz kostnaður af vinnu þeirra verður jafn verðmæti framleiðslu þeirra. Því lægri sem launin eru, því meira af vinnuafli verður þess vegna keypt og því meiri verður framleiðslan. Þannig segir launakenning þessi til um magn keypts vinnuafls, en ekki um hæð launa. Ein er sú hæð launa, sem veldur því, að framboð vinnuafls verður jafnt eftirspurn eftir vinnuafli.

Atvinnuleysi getur aðeins orðið með tvennu móti samkvæmt þessari atvinnukenningu. Í fyrsta lagi getur atvinnuleysi orðið um nokkurt skeið, vegna þess að um stundarsakir er ekki jafnvægi milli sérhæfðra framleiðsluþátta (eða kosts sérhæfðra verðmæta) eða vegna biðar á tilfærslum vinnuafls og annarra framleiðsluþátta eða vegna ófyrirsjáanlegra tafa eða raskana í atvinnustarfseminni, þ. e. atvinnuleysi sakir ýmiss konar tregðu í atvinnulífinu. Í öðru lagi getur atvinnuleysi orðið vegna þess að launþegar vilja selja vinnuafl sitt sakir óánægju sinnar

með kjör sín eða sakir ákvarðana samtaka þeirra, þ. e. atvinnuleysi manna að eigin ósk.

Samkvæmt þessari atvinnukenningu enska hagfræðiskólans, eins og A. C. Pigou hefur sett hana fram, verður atvinna aðeins aukin með fernu móti:

„(a) endurbótum á skipulagningu eða aukinni fyrirhyggju, sem draga úr atvinnuleysi vegna tregðu;

(b) minnkun ónota við vinnu á jaðrinum, eins og þau birtast í þeim raunverulegu launum, sem aukin vinna fæst fyrir, svo að dregið verði úr atvinnuleysi af fúsum vilja;

(c) aukningu framleiðslu vinnu á jaðrinum í atvinnuvegum, sem framleiða launavörur, (svo að notað sé hið heppilega heiti Pigous prófessors yfir þær vörur, sem not launa í peningum eru komin undir);

eða (d) aukningu á verði annarra vara en launavara í samanburði við verð launavara ásamt tilfærslu eyðslu annarra en

launþega úr launavörum yfir á aðrar vörur."[1])

III.

„Atvinnuleysi fjölda manna er sérkenni kapitaliskra hagkerfa samtímans. . . ."[1]) En trúir atvinnukenningu sinni, litu hagfræðingar af enska skólanum ekki á atvinnuleysi sem hagfræðilegt vandamál. „Sígildi skólinn kom þessu fyrirbrigði (þ. e. atvinnuleysi manna gegn vilja þeirra) heim við aðra frumhæfingu sína með því að halda fram, að til gerðs, en þegjandi, samkomulags verkamanna á meðal að vinna ekki fyrir lækkuð laun, verði rakið það ástand, að fullnægt kunni að verða eftirspurn eftir (fólki til) vinnu við ríkjandi laun, áður en atvinnu hafi hver sá, sem fús er til vinnu við þau laun; og að meira yrði um atvinnu, ef verkamenn alla jafna féllust á skerðingu launa í peningum. Ef málum væri þannig farið, yrði þess

---

1) J. M. Keynes: op. cit., bls. 7.
2) **Encyclopaedia of the Social Sciences**, vol 15., New York, 1958, „Unemployment", bls. 147—8.

konar atvinnuleysi manna þeim ekki þvert um geð, að strangri skilgreiningu, þótt svo sýndist, og heyrði fremur undir fyrrnefndan flokk „atvinnuleysis manna af fúsum vilja", sakir áhrifa heildarsamninga o. s. frv."[1]) Þessi sjónarmið gagnrýndi J. M. Keynes að tveimur leiðum. Gagnrýni hans að fyrri leiðinni lýtur að viðhorfum verkamanna til launa, bæði í fríðu og í peningum. Gagnrýni hans að síðari leiðinni lýtur hins vegar að grundvelli kenningarinnar.

i. Svara gildandi laun til ónota á jaðrinum, ef verkamenn vilja ekki vinna fyrir laun, lægri hinum gildandi, og ef verkamenn leggja niður vinnu með verkfalli við skerðingu launa eða að öðrum hætti? Ekki endilega. Þótt lækkun launa í peningum valdi oftast hvarfi vinnuafls af markaðnum, veldur rýrnun kaupmáttar launa því sjaldan. Verkamenn munu þannig innan nokkurra marka miða það lágmark launa, sem þeir sætta sig við, við upphæð í peningum, en ekki tilnefnanlegan kaupmátt launa sinna. „Sígildi skólinn hefur gert ráð fyrir, án þess að taka það fram, að þetta hefði ekki í för með sér neina breytingu á kenningu þeirra. En svo

1) J. M. Keynes: op. cit., bls. 7—8.

er ekki. Ef framboð vinnu er ekki fall raunverulegra launa sem hins eina breytils, missir röksemdarfærsla þeirra með öllu marks og þeirri spurningu er ósvarað, hvað ákvarði atvinnu. (Hagfræðingar af) sígilda skólanum virðast ekki hafa skilið, að kúrfa framboðs vinnu mun færast til við sérhverja verðbreytingu, nema framboð vinnu sé fall raunverulegra launa einna saman."[1]) Atvinnukenning enska skólans er þannig tengd mjög sérstæðum forsendum og gildir ekki alla jafna.

Í reynd virðast verkamenn öðru fremur miða framboð vinnuafls við laun í peningum, eins og séð verður af því, að þeir taka höndum saman til að hindra lækkun launa í peningum, en eru ekki að sama skapi á verði um kaupmátt launa sinna.[2]) Samt sem áður verður atvinnuleysi ekki kennt um, að verkamenn fallist ekki á skerðingu launa í peningum, ef svo ber undir. „Sú fullyrðing hljómar ekki mjög sennilega, að það

1) ibid., bls. 8—9.

2) Röksemdafærsla J. M. Keynes er miðuð við enskar aðstæður. Þeim eru íslenzkar aðstæður einkum frábrugðnar að tvennu leyti: í fyrsta lagi er verðlag hérlendis óstöðugt, en hann gerir auðsjáanlega ráð fyrir allstöðugu verðlagi; í öðru lagi miðar verkalýðshreyfingin hérlendis kröfur sínar meira við breytingar raunverulegra launa en verkalýðshreyfingar annarra landa, (sbr. kaupgjaldsvísitöluna gömlu.)

hafi valdið atvinnuleysinu í Bandaríkjunum 1932, að verkamenn í þrákelni sinni hafi neitað að fallazt á skerðingu launa í peningum eða að þeir í þrákelni sinni hafi krafizt raunverulegra launa umfram þau, sem svöruðu til framleiðninnar í hagkerfinu. Miklar sveiflur verða í umfangi atvinnu án þess að sjáanlegar breytingar verði á lágmarkskröfum verkamanna til raunverulegra launa eða í afköstum þeirra. Verkamenn eru ekki erfiðari viðureignar í kreppum en í góðæri, fjarri fer því. Né eru afköst þeirra minni í friðu. Þessar staðreyndir, kunnar af raun, eru ástæður *prima facie* til þess að efast um, að unað verði við sígildu greininguna."[1]) Breytingar á kaupmætti launa fylgjast ekki endilega með breytingum á upphæð launa, þegar litið er á hagkerfið allt, þótt öðru máli geti gegnt um einstakar iðngreinar um nokkurt skeið. Í öndverðum kreppum hækka laun verkamanna oft, þótt laun þeirra í peningum séu skert, sakir vaxandi afkasta „verkamanna á jaðrinum á kosti framleiðslutækja, þegar framleiðsla dregst saman."[2])

Ef vinnuafl væri undir engum kringumstæð-

1) ibid., bls. 9.
2) ibid., bls. 10.

um falt umfram það, sem keypt er, svo að gildandi laun væru í þeim skilningi lágmarkslaun, gætu menn ekki orðið atvinnulausir gegn vilja sínum. Hins vegar er að vanda fáanlegt meira vinnuafl en ráðið hefur verið, jafnvel þótt raunveruleg laun séu lækkandi sakir hækkandi verðs launavara. Jafngildi launa í friðu er þannig ekki nákvæmur mælikvarði á ónot við vinnu á jaðrinum. Af þeim sökum gildir síðari frumhæfingin ekki.

ii. Ef raunveruleg laun verkamanna eiga að geta verið jöfn ónotum við vinnu á jaðrinum, hljóta verkamenn sjálfir að geta ákvarðað þau. Hagfræðingar af enska skólanum hafa þannig talið, að samningar milli atvinnurekenda og verkamanna í peningum hafi ákvarðað raunveruleg laun verkamanna. Um leið hafa þeir gert ráð fyrir, að lækkun launa í peningum leiði til nokkurrar, þótt ekki hlutfallslegrar lækkunar raunverulegra launa. Samt sem áður verður ekki sagt, að þess konar tengsl séu í samræmi við þær forsagnir annarra kenninga sígilda skólans, að beinn kostnaður (prime costs) ráði verðmyndun og að laun í peningum ráði mestu um beinan kostnað. Samkvæmt þessum kenningum um myndun verðs skyldi ætla, að verðlag

breytist nær því í hlutfalli við laun í peningum, svo að raunveruleg laun og umfang atvinnu héldust nær óbreytt.[1]) Hagfræðingar af enska skólanum hafa sennilega ekki ályktað að þessum brautum að nokkru sökum þess, að þeir töldu verkamenn geta ráðið raunverulegum launum sínum og að nokkru ef til vill sökum þess, að þeir töldu verðlag fara eftir magni peninga. „Og við það sjónarmið hefur verið haldið, að verkamenn hafi ávallt aðstöðu til að ákvarða laun sín, sökum þess að því hefur verið ruglað saman við það sjónarmið, að verkamenn hafi ávallt aðstöðu til að ákvarða, hvaða raunveruleg laun skuli svara til atvinnu handa öllum, þ. e. til hámarks atvinnu, sem samræmanleg er tilnefndum raunverulegum launum."[2])

Hagfræðingar af enska skólanum töldu þessa atvinnukenningu sína gilda um allt vinnuaflið. Atvinnukenning þeirra merkir þannig ekki, að fáeinir menn geti fengið atvinnu með því að fallast á lægri laun en starfsfélagar þeirra. „Verkamenn sem heild kunna ekki að eiga völ

1) „Þessi röksemdafærsla felur í sér, að mínum dómi, mikinn sannleiksþátt, þótt heildarafleiðingar breytinga launa í peningum séu flóknari ..." J. M. Keynes: op. cit., bls. 12 ngr.
2) ibid., bls. 12.

á *neinni* leið til þess að koma jafngildi hinnar almennu hæðar launa í launavörum til jafnaðar við ónot við vinnu á jaðrinum við verandi umfang atvinnu. Engin leið getur verið fyrir verkamenn að lækka laun *sín í reynd* niður í tilnefnda stærð með því að endurskoða umsamin laun í peningum. Sú verður staðhæfing vor."[1])

Í megindráttum gagnrýndi J. M. Keynes atvinnukenningu enska hagfræðiskólans að þessum tveimur leiðum.

IV.

J. M. Keynes féll frá síðari, en ekki fyrri, frumhæfingu atvinnukenningar enska hagfræðiskólans, eins og rakið hefur verið. Um fyrri frumhæfinguna taldi hann og gilda fyrirvara þá, sem hagfræðingar af enska skólanum höfðu tilnefnt: „Þeir merkja, þegar skipulagning, kostur tækja og tækni eru kunn og ákvörðuð, að eins konar tengsl eru milli raunverulegra launa og umfangs framleiðslu (og þess vegna at-

1) ibid., bls. 13.

vinnu), svo að aukning getur orðið á atvinnu við lækkun raunverulegra launa. Þannig ber ég ekki brigður á þessa grundvallarstaðreynd, sem hagfræðingar sigilda skólans hafa (réttilega) talið óhrekjanlega. Þegar skipulagning, kostur tækja og tækni eru kunn og ákvörðuð, standa raunveruleg laun vinnueiningar í eins konar tengslum við umfang atvinnu (öfugu hlutfalli). Ef atvinna eykst, hlýtur umbun vinnueiningar, metin í launavörum, þannig að dragast saman og hagnaður að vaxa. Þetta er einvörðungu önnur hlið hinnar alkunnu kennisetningar, að atvinnuvegir búi alla jafna við þau skilyrði, að afköst minnki í bráðina, eftir því sem framleiðsla vex, meðan kostur tækja og annað þess háttar er talið standa í stað; svo að framleiðslan á jaðrinum í launavörugreinunum, sem segir til um raunveruleg laun, hljóti að minnka, eftir því sem atvinna er aukin."[1])

Með því að falla frá síðari frumhæfingu atvinnukenningar enska skólans ruddi J. M. Keynes í kenningakerfi sínu rúm atvinnuleysi manna gegn vilja þeirra. Hann tók um leið upp skilgreiningu á atvinnleysi á þessa leið: „Ef bæði

1) ibid., bls. 17—18.

heildarframboð verkafólks, fúss til vinnu fyrir gildandi laun í peningum, og heildareftirspurn eftir því við laun þessi yrðu umfram verandi umfang atvinnu, eftir að launavörur hafa hækkað smávægilega í verði í hlutfalli við verandi laun í peningum, ganga menn atvinnulausir gegn vilja sínum."[1])

Borgaralegir hagfræðingar höfðu litið á það sem sjálfsagðan hlut, að atvinnuleysi yllu há laun, unz J. M. Keynes setti fram gagnrýni sína á atvinnukenningu enska hagfræðiskólans. Atvinnuleysi varð þannig aðeins leyst að forsögn þeirra með skerðingu launa verkamanna. Miklum hluta *The General Theory of Employment, Interest and Money* varði J. M. Keynes til að hrekja þau sjónarmið og draga fram þau öfl, sem hann taldi ákvarða umfang atvinnu.

Reykjavík, 12. júlí 1961.

Haraldur Jóhannsson.

1) ibid., bls. 15.

ALTÆKA KENNINGIN
UM ATVINNU, VEXTI OG PENINGA
KAFLAR

UM ALTÆKU KENNINGUNA UM ATVINNU, VEXTI OG PENINGA[1])

Um aldarskeið eða lengur hefur rétttrúnaður mótað hugsun manna um efnahagsmál í Englandi. Þó verður ekki sagt, að ósveigjanlegt kenningakerfi rétttrúnaðar hafi ráðið lögum og lofum; þvert á móti hefur kenningakerfi þetta verið sífelldum breytingum undirorpið. En forsendur þess, andi og rannsóknaraðferðir hafa tekið furðulega litlum stakkaskiptum, og það hefur þrátt fyrir allar breytingarnar haldizt samt við sig. Við þennan rétttrúnað í sífelldri þróun var ég alinn upp. Ég tileinkaði mér hann, flutti hann og lagði út af honum í skrifum mín-

1) J. M. Keynes: Preface pour l'edition Française. **Theorie Generale de l'Emploi, de l'Interêt et de la Monnai**, Pagot, Paris, 1943, bls. 9—14. Formáli þessi var birtur í **International Economic Papers**, no. 4, en í athugasemd frá ritstjórninni segir, að handrit Keynes að formálanum á ensku hafi ekki fundizt, svo að formálinn hafi verið þýddur á ensku (af A. T. Peacock.).

um. Þegar skrifuð verður saga kenninga þessara á ókomnum árum, verður þetta rit mitt að mestu leyti talið standa rótum í erfðavenjum þess. En við samningu þess og annars nýlegs rits, sem ruddi því brautina, fannst mér sem ég væri að hrista af mér klafa þess og öðlast frelsi. Í þessu hugarfari er fólgin skýring á nokkrum ágöllum verksins; öðru fremur þeim, að sumar málsgreinarnar hafa tekið á sig ádeilustíl og að málinu virðist vera beint meira en góðu hófi gegnir til málsvara þessa þrönga kenningakerfis og síður til alls þorra manna. Mér var kappsmál að telja stéttarbræður mína á mitt mál og urðu aðrir lesendur af þeim sökum afskiptir. En þrjú ár eru nú liðin frá samningu þess, og ég hef vanizt nýju fötunum mínum og meira að segja gleymt sniði hinna gömlu. Ef ég ætti að skrifa rit þetta upp aftur, reyndi ég að bæta úr þessum ágöllum, og leggja mig allan fram um skýlausa framsetningu sjónarmiða minna.

Þetta segi ég bæði í skýringarskyni og mér til málsbóta frammi fyrir frönskum lesendum, vegna þess að í Frakklandi hafa skoðanir manna á efnahagsmálum í samtíðinni ekki verið heftar í helsi rétttrúnaðar eins og í Englandi.

Ástandinu í Bandaríkjunum hefur um margt svipað til ástandsins hérlendis. En í Frakklandi sem í öðrum löndum á meginlandi Evrópu hefur engan einan skóla borið svo hátt, að aðrir féllu í skugga hans, síðan af sjónarsviðinu hvarf frjálslyndi franski skólinn, sem átti blómaskeið sitt fyrir sjötíu árum. (Og þess skal getið, að sumir máttarstólpar hans lifðu svo lengi áhrif hans, að ég man, að það féll í hlut minn sem ritstjóra *Economic Journal,* þá ungs að árum, að skrifa eftir marga þeirra, Lavasseur, Molinari og Leroy-Beuliu meðal annarra.) Ef Charles Gide hefði staðið Alfred Marshall jafnfætis um áhrif og traust, hefði ástandið í Frakklandi ekki verið óáþekkt ástandinu hérlendis. Eins og sakir standa leita franskir hagfræðingar fanga í ýmsar áttir. Kenningar þeirra eru ekki unnar úr einu hugmyndakerfi — eða svo virðist mér að minnsta kosti. Hugmyndir mínar kunna þess vegna að eiga greiðari aðgang en ella að frönskum lesendum, þótt þeir velti ef til vill vöngum yfir, hvað ég sé að fara, þegar ég minnist á „sígilda skólann" eða „sígildu hagfræðingana", eins og enskum gagnrýnendum mínum þykir ekki sæma. Það getur þannig orðið frönskum lesendum að liði, ef ég reyni að draga saman

megin þætti þessa rits míns í fáeinum orðum.

Kenningu mína hef ég nefnt „altæku kenninguna“. Með því móti vildi ég leggja áherzlu á, að ég hefði aðallega litið á hagkerfið sem heild og fjallað um heildartekjur, heildararð, heildarframleiðslu, heildaratvinnu, heildarfjárfestingu og heildarsparnað fremur en um tekjur, arð, framleiðslu, atvinnu, fjárfestingu og sparnað iðngreina, fyrirtækja eða einstaklinga hverra um sig. Ég held því fram, að það hafi leitt til viðsjárverðra skekkna, að heimfærðar voru upp á allt hagkerfið ályktanir, þótt rétt hefðu dregnar verið af einstökum þáttum þess.

Orð mín skulu skýrð með nokkrum dæmum. Þegar ég hef sagt, að í kerfinu sem heild hljóti upphæð tekna, sem lögð er fyrir, það er að segja, sem ekki er varið til neyzlu í bráð, að vera og geti aðeins verið nákvæmlega jöfn upphæð nýrrar fjárfestingar, hefur þessi staðhæfing þótt ganga þversögn næst og hatrömmum ritdeilum hefur hún hrundið af stað. Það á sér án efa þá skýringu, að þessu máli gegnir engan veginn endilega um einstaklinga, þótt um allt kerfið hljóti því að gegna. Ekki er ástæða til þess að vænta, að ný fjárfesting manna sé á nokkurn hátt tengd sparnaði þeirra. Tekjur

einstaklinga eru, eins og vera ber, taldar vera óbundnar neyzlu þeirra og fjárfestingu. En eins og ég tel mig þurfa að benda á, ætti það ekki að hafa dulizt sjónum manna, að eftirspurn af völdum neyzlu og fjárfestingar hvers og eins er uppspretta tekna annarra og að heildartekjur eru þess vegna engan veginn óbundnar sparnaðarhneigð og fjárfestingu manna. Þar sem tilhneiging hvers og eins til að neyta og festa fé fer aftur á móti eftir tekjum hans, kunna tengsl að koma í ljós milli heildarsparnaðar og heildarfjárfestingar og það er hægðarleikur að sýna fram á, svo að enginn vafi virðist á leika, að þau geti aðeins verið tengsl algers jafnaðar. Þessi ályktun er ákaflega hversdagsleg, en hún opnar leiðir til rannsóknar á enn mikilvægari efnum.

Sýnt verður fram á, að raunverulegt umfang framleiðslu og atvinnu sé í megindráttum ekki komið undir framleiðslugetu né undanfarandi hæð tekna, heldur undir ákvörðunum um framleiðslu í svipinn, sem aftur á móti fara eftir fjárfestingarákvörðunum og mati á líðandi stundu á neyzlu í bráð og í framtíð. Þegar kunnar eru neyzluhneigðin og sparnaðarhneigðin, (eins og þær eru nefndar) það er að segja,

þegar vitað er um heildaráhrifin á samfélagið allt af hugrænum tilhneigingum einstaklinga til ráðstafana á upphæðum tekna, þegar kunnum og ákvörðuðum, verður reiknuð út sú hæð tekna og þannig sú hæð framleiðslu og sú hæð atvinnu, sem tryggir jafnvægisarð, miðað við þegar kunnugt og ákvarðað magn nýrrar fjárfestingar. Á þessu stigi kemur til sögunnar kenningin um margfaldarann. Það fer ennfremur ekki milli mála, að aukin sparnaðarhneigð veldur, að öðru jöfnu, samdrætti tekna og framleiðslu, en efling fjárfestingarhvatarinnar veldur aukningu beggja. Það verður einnig fært að greina þættina, sem ákvarða tekjur og framleiðslu í öllu kerfinu; þetta er í eiginlegri merkingu orðanna kenning um atvinnu. Af þessum ihugunum eru dregnar ályktanir, sem mjög varða fjármálastefnu ríkisins og allmenna þjóðmálastefnu þess ekki síður en kreppuvandamálin.

Annar einstæður og mjög sérkennilegur þáttur ritsins er vaxtakenningin. Að undanförnu hafa margir hagfræðingar látið þá skoðun í ljós, að upphæð sparnaðar á líðandi stundu ákvarði eftirspurn eftir auðmagni og að með hagræðingu vaxtafótarins komist á jafnvægi eða

„verð", sem ákvarðað er af skurðpunkti kúrfu framboðs sparnaðar og kúrfu eftirspurnar fjárfestingar. Ef heildarsparnaður hlýtur alltaf að vera nákvæmlega jafn heildarfjárfestingu, er deginum ljósara, að þessari skýringu verður ekki við komið. Lausnarinnar verður að leita annars staðar. Ég hef fundið hana í þeirri hugmynd, að með hagræðingu vaxtafótarins verði komið á jafnvægi, ekki eftirspurnar og framboðs nýrra auðmagnsvara, heldur eftirspurnar og framboðs peninga, það er að segja, eftirspurnar eftir reiðufé og efnum til að fullnægja henni. Þannig er horfið aftur til kenninga gömlu hagfræðinganna, sem störfuðu fyrir 19. öldina. Á þessi sannindi festi Montesquieu[1]) þannig sjónir. Montesquieu,hinn mesti franskra hagfræðinga, sem réttilega verður borinn saman við Adam Smith og sem gnæfir hátt yfir búauðgismennina vegna skarpskyggni sinnar, skýrrrar hugsunar og heilbrigðrar skynsemi, — (kosta, sem enginn hagfræðingur ætti að láta sig vanta). Ítarlegar skýringar á þessum málum verður að sækja í ritið sjálft.

Ég hef nefnt rit þetta „Altæku kenninguna

1) Ég hef aðallega í huga **L'Espit des Lois**, XXII. bók, xix. kapítula.

um atvinnu, vexti og peninga", og þriðja atriðið, sem ég vil beina athygli að, eru skoðanir mínar á peningum og verðlagi. Í eftirfarandi greiningu kemur fram, hvernig mér hefur tekizt að komast út úr ruglingi kenningarinnar um peningamagnið, sem áður hafði villt mér sýn. Ég tel, að almennt verðlag og einstök verð séu mynduð að nákvæmlega sama hætti; það er að segja, þau eru bæði komin undir framboði og eftirspurn. Tæknimenning, launastiginn, magn ónotaðra tækja og ónýttrar vinnu ákvarða ásamt ástandinu á markaðnum og stigi samkeppnina skilyrði framboðs sérhverrar afurðar sem allra afurða. Ákvarðanir atvinnurekenda er leiða til tekna framleiðsluþátta og ákvarðanir eigenda þáttanna um ráðstöfun þessara tekna, ákvarða skilyrði eftirspurnarinnar. Verð, einstök verð sem almenna verðlagið, eru afleiðingar þessara tveggja þátta. Peningar og magn peninga ráða ekki beinlínis um atvikarásina á þessu stigi. Að hlut þeirra kom fyrr í greiningunni. Magn peninga ákvarðar framboð verðmæta í reiðufé og af þeim sökum ræður það vöxtum og ásamt öðrum þáttum, einkum, sem lúta að trausti manna á efnahagsástandinu, fjárfestingarhvötinni. Hinn síðastnefndi ákvarðar

aftur á móti hæð tekna, framleiðslu og atvinnu og jafnframt (í tengslum við aðra þætti á sérhverju stigi) almenna verðlagið fyrir áhrif þeirra skilyrða framboðs og eftirspurnar, sem þættir þessir hafa myndað.

Mér virðist sem til skamms tíma hafi kenningarnar, sem kenndar eru við J. B. Say, búið yfir miklu meira áhrifavaldi í hagfræðinni en menn hafa áttað sig á. Þorri hagfræðinga er að sönnu löngu fallinn frá markaðakenningu hans, en grundvallarforsendum hans hafa þeir ekki hafnað og því síður spakmælinu, að framboð skapi sína eigin eftirspurn. Þótt Say taki það ekki fram, gerir hann ráð fyrir, að hagkerfið starfi jafnan, eins og geta þess leyfir, og á þann veg, að sérhver ný starfsemi leysi aðra af hólmi, en sé aldrei viðbót við þá starfsemi, sem fyrir var. Nær allar kenningar hagfræðinnar, sem síðar hafa verið settar fram, eiga sér þessa tilgátu að forsendu, svo að þær verða í þeim skilningi raktar til hennar. En auðsætt er, að kenning reist á slíkri undirstöðu, getur ekki hentað til athugana á vandamálum atvinnuleysis og kreppna. Frönskum lesendum get ég ef til bezt gert grein fyrir þeim eiginleikum, sem ég hef viljað gefa riti mínu með þeim ummælum, að

í framleiðslukenningunni hafi algerlega verið fallið frá kennisetningu J. B. Says og í vaxtakenningunni hafi verið horfið aftur til kennisetningar Montesquieus.

20. febrúar 1939,

King's College, Cambridge.

ALTÆKA KENNINGIN[1])

Bók þessa hef ég nefnt *Altæku kenninguna um atvinnu, vexti og peninga* og áherzluna lagt á einkunnina *altæka*. Með vali slíks titils vil ég skerpa andstæðurnar milli röksemda minna og niðurstaðna og sígildu kenningarinnar[2]) um hagfræði, sem ég ólst upp við og ræður jafnt í orði sem í æði mati ráðamanna og háskólamanna af kynslóð vorri á efnahagsmálum. Ég mun leiða rök að því, að forsendur sígildu kenningarinnar eigi aðeins við um einstakar aðstæður, en ekki alla jafna, og við þær aðstæður gildi hún einungis sem endamörk hugsanlegra jafnvægisstaðna. Þessar einstöku aðstæður, sem

1) Kafli þessi er 1 kapituli.
2) Sjá athugasemd neðanmáls á bls. 8.

sigilda kenningin er miðuð við, eru ennfremur aðrar en þær, sem búið er við, svo að kenningin er villandi og geigvænleg, ef reynt er að beita henni á staðreyndir, eins og þær koma fyrir.

ALTÆKA ATVINNUKENNINGIN

SAMANDREGIN[1])

I.

Því marki hefur nú verið náð, að dregnir verði saman þræðir röksemdafærslunnar.[1]) Það getur verið gagnlegt að taka í upphafi fram, hvaða þættir hagkerfisins eru taldir vera þegar kunnir og ákvarðaðir og hvaða þættir í kerfinu eru breytilegir, en öðrum þáttum óháðir, og hverjir eru breytilegir og öðrum háðir.

Ákvörðuð og þekkt eru talin vera núverandi hæfni og magn fáanlegrar vinnu, núverandi gæði og magn fáanlegra tækja, núverandi verkþekking, stig samkeppninnar, smekkur og venjur neytenda, óþægindi vegna áreynslu við ýmiss konar vinnu og við starfsemi eftirlits og skipu-

1) Kafli þessi er 18. papituli.

lagningar, og jafnframt þjóðfélagsskipunin og þá til hennar talin þau öfl, önnur en breytilegu þættirnir, sem taldir eru upp hér að neðan, sem ákvarða skiptingu þjóðarteknanna. Þá er ekki sagt, að vænzt sé, að þessir þættir séu óbreytanlegir, heldur einvörðungu að á þessum stað og í þessu samhengi sé ekki tekið tillit til áhrifa og afleiðinga breytinga á þeim.

Breytilegir þættir, öðrum óháðir, eru í fyrstunni neyzluhneigðin, taflan yfir skil auðmagns á jaðrinum og hæð vaxta, þótt þessir þættir, eins og bent hefur verið á, geti greinzt enn frekar.

Breytilegir þættir, öðrum háðir eru umfang atvinnu og þjóðartekjurnar (eða afrakstur þjóðarinnar), mældar í launaeiningum.

Þættir, sem taldir hafa verið þegar kunnir og ákvarðaðir, móta, en ákvarða ekki alveg breytilegu þættina, öðrum þáttum óháða. Þannig er taflan yfir skil auðmagns á jaðrinum að nokkru leyti komin undir magni fáanlegra tækja, en þau eru einn þegar kunnu og ákvörðuðu þáttanna, að nokkru leyti undir mati manna á horfum langt fram í tímann, en það verður ekki ráðið af þegar kunnum og ákvörðuðum þáttum. En ýmsa aðra hluti ákvarða hinir þeg-

ar kunnu og ákvörðuðu þættir svo algerlega, að með þá verður farið sem þegar kunna og á-kvarðaða. Til dæmis verður af þegar kunnum og ákvörðuðum þáttum ráðin sú hæð þjóðarteknanna, mældra í launaeiningum, er svarar til sérhvers umfangs atvinnu, svo að við þær efnahagslegu aðstæður, sem litið er á sem þegar kunnar og ákvarðaðar, fara þjóðartekjurnar eftir umfangi atvinnu, þ. e. eftir því framlagi áreynslu, sem varið er til framleiðslu í þeim skilningi, að hvort þeirra geti aðeins verið öðru tengt á einn veg.[1]) Ennfremur verður af þeim ráðin lögun falls heildarframboðs, sem segir til um hlutlæg skilyrði framboðsins um ýmiss konar vörur; — það er að segja magn atvinnu, sem varið er til framleiðslu við sérhvert tilgreint umfang framkominnar eftirspurnar, mældrar í launaeiningum. Að lokum leggja þeir til fall framboðs vinnu (eða áreynslu); svo að *inter alia* segja þau til um, við hvaða mörk falls atvinnu fyrir vinnuna sem heild teygni hverfur.

Taflan yfir skil auðmagns á jaðrinum er að nokkru leyti komin undir þáttum, þegar kunn-

1) Ekki er tekið tillit til ýmissa flækna, sem verða vegna þess að fall atvinnu við ýmsar vörur hefur misjafnar bugður á því svæði, sem máli skiptir, miðað við atvinnuástand.

um og ákvörðuðum, og að nokkru leyti undir væntanlegum afrakstri af ýmiss konar framleiðslutækjum; en hæð vaxta er að nokkru leyti komin undir styrk eftirsóknarinnar í reiðu fé (þ. e. undir falli reiðufjáreftirsóknarinnar) og að nokkru leyti undir magni peninga, mældra í launaeiningum. Þannig verður stundum litið á sem hinztu breytilegu þætti, en öðrum þáttum óháða, (1) sálrænu grundvallarþættina þrjá, nefnilega sálrænu neyzluhneigðina, sálrænu eftirsóknina í reiðufé og sálræna matið á afrakstri framleiðslutækjanna í framtíðinni, (2) launaeininguna sem ákvarðaða af samningum milli atvinnurekenda og launþega og (3) magn peninga, eins og það er ákvarðað af aðgerðum miðbankans; svo að þessir breytilegu þættir ákvarða þjóðartekjurnar (eða afrakstur þjóðarinnar) og magn atvinnu, ef litið er á sem þegar kunna og ákvarðaða þættina, sem tilgreindir eru hér að ofan. En þá er unnt að taka til frekari greiningar og þeir eru ekki, ef svo verður að orði kveðið, hinir hinztu óháðu kjarnaþættir.

Skipting þáttanna, sem ákvarða hagkerfið, niður í tvo flokka, þætti þegar kunna og ákvarðaða annars vegar og hins vegar breytilega þætti,

en öðrum þáttum óháða, er að sjálfsögðu gerð að geðþótta, en ekki eftir algildum mælikvarða. Sú skipting hlýtur að vera gerð einvörðungu á grundvelli reynslu, í því skyni að til annars svari þættir, undirorpnir svo hægfara eða svo léttvægum breytingum, að áhrif þeirra verði aðeins lítil og tiltölulega marklaus og skammvinn á *quesitum;* og til hins þeir þættir sem í reynd eru undirorpnir breytingum sem hafa allsmegandi áhrif á *quesitum*. Að sinni er stefnt að því marki að komast að, hvað ákvarði hverju sinni þjóðartekjurnar í tilgreindu hagkerfi og (það, sem er nálega hið sama) magn atvinnu í því; en þar eð ekki verður vænzt í fræðigrein, jafn margbrotinni og hagfræðinni, að dregnar verði saman algerlega nákvæmar alhæfingar, merkir það að finna þættina, sem undirorpnir eru breytingum, sem einkum ákvarða *quesitum*. Lokaverkið gæti verið að velja úr þá breytilegu þætti, sem stjórnarvöld geta náð á algerri stjórn eða tökum í því kerfi, sem búið er við.

II.

Reynt verður nú að draga saman röksemdir fyrri kapítula; en rætt verður um þættina í öfugri röð við þá, sem þeir voru í kynntir.

Menn munu finna hjá sér hvöt til þess að ráðast í nýja fjárfestingu að því marki, að framboðsverð hvers konar framleiðslutækja er knúið að verði, sem með tilliti til væntanlegs afrekstrar af þeim, færir skil auðmagns á jaðrinum nokkurn veginn til jafns við hæð vaxta. Það er að segja, að hlutlægar aðstæður framboðs í framleiðslutækjaiðnaði, traust manna á væntanlegum afrakstri, sálræn eftirsókn í reiðufé og magn peninga, (reiknað í launaeiningum að helzt verður kosið,) ákvarða sín á milli stig nýrrar fjárfestingar.

En í kjölfar hækkunar (eða lækkunar) stigs fjárfestingarinnar kemur hækkun (eða lækkun) stigs neyzlunnar; vegna þess að hegðan almennings er alla jafna á þá lund, að hann fæst aðeins til þess að víkka (eða þrengja) bilið milli tekna sinna og neyzlu, ef tekjur hans fara vaxandi (eða minnkandi). Það er að segja, að breytingar á stigi neyzlu eru alla jafna *í sömu átt,* (þótt þær séu smærri að magni,) sem breytingar á stigi tekna. Tengslin milli aukningar neyzlu, sem fylgja verður tilgreindri aukningu sparnaðar, koma fram í neyzluhneigðinni á jaðrinum. Hlutfallið, sem þannig er ákvarðað

milli aukningar fjárfestingar og hliðstæðrar aukningar heildartekna, hvorra tveggja mældra í launaeiningum, birtist í margfaldara fjárfestingar.

Ef gert er ráð fyrir (í fyrstu atrennu), að margfaldari atvinnu sé jafnstór margfaldara fjárfestingar, verður að lokum fært, með því að beita margfaldaranum á aukningu (eða skerðingu) stigs fjárfestingarinnar, sem orðið hafa af völdum þáttanna, sem í fyrstu var lýst, að fara nærri um aukningu atvinnu.

Aukning (eða skerðing) atvinnu er þó líkleg til að lyfta (eða draga niður) töfluna yfir styrk eftirsóknarinnar í reiðufé, með þrennu móti veldur hún aukinni eftirspurn eftir peningum, að svo miklu leyti sem gildi framleiðslunnar hækkar, þegar atvinna vex, jafnvel þótt launaeiningin og verðlag, (mælt í launaeiningum,) haldist óbreytt, en auk þess mun launaeiningin sjálf hafa tilhneigingu til að hækka, eftir því sem atvinna vex, og aukningu framleiðslunnar munu fylgja verðhækkanir, (mældar í launaeiningum,) sakir aukins kostnaðar í bráð.

Jafnvægisstaðan mun þannig komast undir áhrif þessara gagnverkana; og annarra gagn-

verkana gæti einnig. Ennfremur hættir hverjum sem er þessara fyrrnefndu þátta til að breytast með litlum fyrirvara og stundum að ráði. Af þessum ástæðum er atburðarásin í reynd ákaflega flókin. Engu að síður virðast þetta vera þeir þættir, sem gagnlegt er og hentugt að einangra. Ef eitthvert vandamál í reynd er athugað að þessu leiðum, sem af eru dregnar grunnmyndir hér að ofan, mun það virðast auðveldara viðfangs en ella; og hugkvæmni í starfi, (sem tekið getur tillit til flóknari samstæðna staðreynda en fjallað verður um jöfnum höndum og grundvallarreglur,) fær viðráðanlegra verkefni en ella til þess að vinna úr.

III.

Hér að framan hefur altæka kenningin verið dregin saman. En í reynd bera einnig fyrirbrigði efnahagslífsins svipbrigði ýmissa sérkenna neyzluhneigðarinnar, töflunnar yfir skil auðmagns á jaðrinum og hæð vaxta, sem af reynslu verður ályktað um, þótt það sé ekki röknauðsyn.

Það er öðru fremur eitt athyglisverðasta sérkenni hagkerfisins, sem búið er við, að það er

ekki ofsalega óstöðugt, þótt undirorpið sé snörpum sveiflum í framleiðslu og atvinnu. Jafnvel getur það haldizt í varanlegu ástandi óeðlilega lítillar starfsemi um alllöng skeið, án þess að fram komi tilhneiging annað hvort til viðreisnar eða algers hruns. Meira að segja benda heimildir til, að næg, eða næstum næg, atvinnu handa öllum sé sjaldgæft og skammvinnt fyrirbrigði. Sveiflurnar geta hafizt snögglega, en þær virðast ganga sér til húðar, áður en út í æsar er komið, og millibilsástand, sem hvorki er örvænt um né unað við, er hið venjulega hlutskipti manna. Á þeirri staðreynd, að sveiflurnar eru vanar að ganga sér til húðar, áður en út í æsar er komið og að þær ganga að síðustu til baka, hefur verið grundvölluð kenningin um atvinnu*kreppur*, sem eiga sér reglubundin tímaskeið. Sama máli gegnir um verð, sem eftir upphaflega röskun virðast festast í hæð, sem þau geta haldizt í stöðug í hófi.

Þar sem þessar staðreyndir, sem kunnar eru af reynslu, eru ekki leiddar af röknauðsyn, verður að gera ráð fyrir, að kringumstæðum og sálrænum aðstæðum í heimi samtíðarinnar sé svo farið, að þær hafi þessar afleiðingar. Það er þess vegna gagnlegt að leiða getum að, hvers

konar huglægar hneigðir mundu leiða til óstöðugs kerfis; og síðan hvort þessara hneigða mundi að öllum líkindum gæta, eftir því sem ætlað verður af almennri þekkingu á eðli samtímamannsins, í heiminum, sem búið er við.

Þau skilyrði stöðugs efnahagslífs, sem greiningin hér að framan bendir til, að skýrt geti þær afleiðingar, sem eftir hefur verið tekið, eru þessi eftirfarandi:

(i) Neyzluhneigðin á jaðrinum er þannig, þegar framleiðsla í tilgreindu þjóðfélagi vex (eða minnkar,) sökum þess að meiri (eða minni) vinnu er beitt á framleiðslutæki þess, að margfaldarinn, sem tengir þetta tvennt, er stærri en einn, en ekki mjög stór.

(ii) Þegar breyting verður á væntanlegum afrakstri af auðmagni eða á hæð vaxta, verður taflan yfir skil auðmagns þannig, að breytingar á nýrri fjárfestingu verða ekki í miklu hlutfallslegu misræmi við breytingar á hinum fyrrnefndu, þ. e. breytingar í hófi á væntanlegum afrakstri af auðmagni eða á hæð vaxta verða ekki tengdar mjög miklum breytingum á stigi fjárfestingarinnar.

(iii) Þegar breyting verður á atvinnu, hættir launum í peningum til þess að breytast í sömu

átt sem, en ekki í miklu hlutfallslegu misræmi við, breytingar á atvinnu; þ. e. breytingar í hófi á atvinnu eru ekki tengdar mjög miklum breytingum á launum í peningum. Þetta er skilyrði stöðugs verðlags fremur en atvinnu.

(iv) Enn verður talið til fjórða skilyrðið, er stuðlar síður að stöðugleika kerfisins en tilhneigingu sveiflna í eina átt til að ganga til baka áður en lýkur; nefnilega það, að stig fjárfestingar, hærra (eða lægra) en áður, tekur að hafa óhagstæð (eða hagstæð) áhrif á skil auðmagns á jaðrinum, ef það helzt um skeið, sem talið í árum er ekki mjög langt.

(i) Fyrsta skilyrði stöðugleika, nefnilega það, að margfaldarinn, þótt stærri sé en einn, er ekki mjög stór, hljómar mjög sennilega sem sálrænt einkenni manneðlisins. Eftir því sem raunverulegar tekjur vaxa, bæði minnkar tilkall þarfa vegna líðandi stundar til þeirra og jaðar tekna umfram venjubundin lífskjör víkkar; og þegar raunverulegar tekjur minnka gegnir gagnstæðu máli. Þannig er það eðlilegt, — að minnsta kosti sem meðallag í samfélaginu, — að neyzla í bráð sé aukin, þegar atvinna vex, en um minna en svarar til allrar aukningar raunverulegra tekna; og að hún dragist sam-

an, þegar atvinna dregst saman, en um minna en svarar til allrar skerðingar raunverulegra tekna. Ennfremur, það sem gildir alla jafna um einstaklinga, gildir sennilega einnig um ríkisstjórnir, einkum þegar stöðugur vöxtur atvinnuleysis neyðir ríkið venjulega til styrkjagreiðslna úr lánsfé.

En hvort sem lesandanum þykir þetta huglæga lögmál vera sennilegt *a priori*, fer ekki milli mála, að reyndin væri öll önnur, ef lögmál þetta gilti ekki. Þá kæmi aukning fjárfestingar hversu lítil sem hún væri, af stað keðjuaukningu framkominnar eftirspurnar, unz komizt hefði á ástand atvinnu handa öllum; en skerðing fjárfestingar kæmi af stað keðjusamdrætti framkominnar eftirspurnar, unz ekki yrði atvinna handa neinum. Reynsla sýnir samt sem áður, að lengstum varir millibilsástand. Loku er ekki fyrir skotið, að á nokkru bili gæti í reynd óstöðugleika. En jafnvel þótt svo sé, er það sennilega þröngt, og utan þess, beggja vegna, hlýtur þetta huglæga lögmál án efa að gilda. Ennfremur er það einnig auðsætt, að margfaldari, þótt stærri sé en einn, er ekki að venju ákaflega stór. Ef hann væri það, mundi tilgreindri breytingu á stigi fjárfestingar fylgja

mikil breyting, (takmörkuð aðeins af atvinnu handa öllum ellegar engum,) á stigi neyzlu.

(ii) Þótt samkvæmt fyrsta skilyrðinu fylgi breytingu í hófi á stigi fjárfestingarinnar ekki gegndarlaus breyting á eftirspurn eftir neyzluvörum, segir annað skilyrðið til um, að breytingu í hófi á væntanlegum afrakstri fjárfestingartækja eða á hæð vaxta fylgi ekki gegndarlaus breyting á stigi fjárfestingarinnar. Þannig er málum sennilega háttað sökum vaxandi kostnaður við framleiðslu stórum aukins magns með sama kosti tækja. Aftur á móti, ef ástandið er þannig í fyrstu, að ekki er nýttur mikill kostur verðmæta og tækja til smíði framleiðslutækja, kann talsverðs óstöðugleika að gæta á nokkru bili; en þessu máli gegnir ekki, eftir að þessi ónotaði kostur tækja og verðmæta hefur að miklu leyti verið nýttur. Þetta skilyrði hefur ennfremur sett takmörk þeim óstöðugleika, sem stafar af öðrum breytingum á væntanlegum afrakstri framleiðslutækja sakir snarpra sveiflna í viðhorfum í viðskiptaheiminum eða uppgötvana, sem tímamótum ráða, þótt ef til vill upp á við fremur en niður á við.

(iii) Þriðja skilyrðið kemur heim við reynsluna af manneðlinu. Þótt baráttan fyrir launum

í peningum sé, eins og bent hefur verið á að framan, öðru fremur barátta til að viðhalda *hlutfallslega* háum launum, er sennilegt, eftir því sem atvinna eykst, að barátta þessi harðni í hverju tilviki, bæði sökum þess að samningsaðstaða verkamannanna hefur batnað og skert nyta launa þeirra á jaðrinum og vikkaður jaðar tekna hafa gert þá fúsari til að taka á sig áhættu. Engu að síður munu mörk sett því svæði, sem á er látið stjórnast af þessum markmiðum og verkamenn munu ekki leita miklu hærri launa í peningum með vaxandi atvinnu né leyfa mjög mikla skerðingu þeirra fremur en þola ekkert atvinnuleysi.

En nú sem fyrr, hvort sem niðurstaða þessi þykir sennileg *a priori*, sýnir reynslan, að eitthvert þess háttar huglægt lögmál hlýtur að gilda. Ef samkeppni milli verkamanna án atvinnu leiddi alltaf til mjög mikils niðurskurðar launa í peningum, væri verðlag mjög óstöðugt. Meira að segja kynni ekkert stöðugt jafnvægi að finnast nema við ástand, heimfæranlegt við atvinnu handa öllum; þar sem falli launaeiningarinnar kynnu engin takmörk að vera sett, unz náð væri þeim mörkum, er áhrif allsnægta peninga, metinna í launaeiningum, á hæð vaxta

megnuðu til að koma á aftur ástandi atvinnu handa öllum. Við engin önnur mörk gæti orðið kyrrstaða.

(iv) Fjórða skilyrðið, sem er síður skilyrði óstöðugleika en sveiflna ýmist til afturkipps eða afturbata, hvílir einvörðungu á þeirri ætlan, að framleiðslutækin séu misjafnlega gömul, slitni með tímanum og eigi sér ekki öll langan aldur; ef stig fjárfestingarinnar fellur niður fyrir tilskilið lágmark, verður þannig aðeins bið, (ef ekki kemur til mikilla sveifla í öðrum þáttum,) áður en skil auðmagns á jaðrinum vaxa nægilega til þess að lyfta fjárfestingu aftur yfir þetta lágmark. Og að sama hætti að sjálfsögðu, ef stig fjárfestingarinnar hækkar upp yfir það, sem áður var, verður aðeins bið, unz skil auðmagns á jaðrinum dragast nægilega saman til þess að leiða til afturkipps, nema samdrátturinn vegi upp breytingar á öðrum þáttum.

Af þessari ástæðu er sennilegt, að jafnvel afturbati og afturkippur í þeim mæli, sem orðið geta innan þeirra marka, sem önnur skilyrði stöðugleika setja, ef nægilega lengi vara og breytingar á öðrum þáttum hrófla ekki við þeim, snúist við og gangi í öfuga átt, þangað til sömu öfl og áður snúa hreyfingunum við.

Þannig nægja þessi fjögur skilyrði til þess að skýra megindrættina, eins og þeir eru þekktir af reynslunni; — nefnilega, að sveiflur í atvinnu og verðlagi, sem þó ganga ekki út í æsar, verða umhverfis millistöðu, talsvert neðan við atvinnu handa öllum og talsvert ofan við ástand lágmarks atvinnu, sem ekki verður fallið undir án þess að stofna lífi manna í hættu.

En sú ályktun skyldi ekki dregin, að stafi af lögmálum nauðsynjarinnar sú millistaða, sem þannig er ákvörðuð af „náttúrlegum" tilhneigingum, nefnilega þeim tilhneigngum, sem vara sennlega, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til að stemma stigu fyrir þær. Óhindruð stjórn skilyrðanna framangreindu er staðreynd, sem tekið hefur verið eftir, en ekki nauðsynlega lögmál, sem ekki verði breytt.

MARGFALDARINN[1]

I.

Í bók þessari eru athugaðar sveiflurnar í raunverulegum tekjum af völdum misjafnlega mikillar atvinnu (notkunar vinnueininga) við tilnefndan kost atvinnutækja, svo að raunverulegar tekjur vaxa eða minnka í hlutfalli við fjölda notaðra vinnueininga. Ef afköst á jaðrinum minnka, eins og alla jafna er gert ráð fyrir, eftir því sem beitt er fleiri vinnueiningum á tilnefndan kost atvinnutækja, vaxa tekjur, mældar í launaeiningum, tiltölulega meira en umfang atvinnu, sem aftur á móti vex tiltölulega meira en raunverulegar tekjur, mældar í fríðu. Raunverulegar tekjur, mældar í fríðu, og tekjur, mældar í launaeiningum, vaxa samt sem áður og rýrna jöfnum höndum (í bráðina, meðan kostur auðmagns er nær óbreyttur). Þar sem

1) Kafli þessi er I. og V. hlutar 10. kapítula.

raunverulegar tekjur verða ekki nákvæmlega mældar í tölum, er oft gagnlegt að telja launaeiningar (Yw) nothæfa visitölu á breytingar raunverulegra tekna. Stundum skyldi þó haft hugfast, að alla jafna vex og minnkar Yw tiltölulega meira en raunverulegar tekjur; en þar eð þær vaxa og minnka jöfnum höndum verður öðrum sinnum farið með báðar tvær sem eitt og hið sama.

Þegar raunverulegar tekjur í samfélaginu vaxa og minnka, vex eða minnkar neyzla þess, þótt ekki að sama marki. Þetta hefðbundna sálræna lögmál verður þannig umskrifað, — að vísu ekki með algerri nákvæmni og með nokkrum fyrirvörum, auðsæjum og fram settum í samræmi við ströngustu kröfur til forms, — sem sú frumhæfing, að ðYw[1]) og ðCw hafi sömu formerki, en ðYw sé stærra en ðCw, þegar Cw er neyzla metin til launaeininga. Þá verður ðCw/ðYw skilgreint sem neyzluhneigðin á jaðrinum.

Þessi stærð býr yfir talsverðu mikilvægi, þar eð af henni verður ráðin skipting nýrrar aukningar framleiðslu milli neyzlu og fjárfestingar.

1) Í stað grísku upphafsstafsins **delta** stendur ð.

Þar sem δYw=δCw + δIw, þegar δCw og δIw eru aukningar neyzlu og fjárfestingar, svo að skrifað verður Yw=kδIw, þegar 1—1/k er jafnt neyzluhneigðinni á jaðrinum.

Margfaldari fjárfestingar verður k nefnt. Það merkir, þegar heildarfjárfesting er aukin, að tekjur vaxi um aukningu fjárfestingarinnar k sinnum.

II.

Við hækkun neyzluhneigðarinnar á jaðrinum, vex margfaldarinn og þá jafnframt röskun á atvinnu af völdum breytinga á fjárfestingu, eins og fram hefur komið. Þetta kann að virðast benda til þeirrar þversagnarkenndu niðurstöðu, að fátækt samfélag, þar sem tiltölulega lítill hluti tekna er lagður til hliðar, sé fremur undirorpið miklum sveiflum í tekjum en auðugt samfélag, þar sem lagður er til hliðar tiltölulega stór hluti tekna og margfaldarinn er af þeim sökum smár.

Í þessari niðurstöðu væri samt sem áður ekki tekið tillit til greinarmunar á áhrifum neyzluhneigðar á jaðrinum og áhrifum miðlungsneyzluhneigðarinnar. Enda þótt há neyzlu-

hneigð á jaðrinum leiði til hinni stærra *hlutfallslegra* áhrifa af völdum breytinga á fjárfestingu í hundraðstölum verða *algeru* áhrifin samt sem áður lítil, ef miðlungsneyzluhneigðin er einnig há.

Gert verður ráð fyrir, að neyzluhneigð samfélagsins sé þannig, að það neyti allra tekna sinna, ef raunverulegar tekjur þess eru umfram framleiðslu 5.000.000 manna við störf við allan kost tækja samfélagsins; að samfélagið neyti 99 af hundraði af framleiðslu þeirra 100.000 manna, sem næst verða til starfa ráðnir; og 98 af hundraði af framleiðslu þeirra 100.000 manna, sem þar næst verða ráðnir og 97 af hundraði af framleiðslu þeirra 100.000 manna, sem næst verða ráðnir og þannig koll af kolli; og að atvinna verði handa öllum, þegar 10.000.000 menn hafa verið ráðnir til starfa. Af þessu leiðir, þegar 5.000.000 + n 100.000 menn eru ráðnir til starfa, að margfaldarinn á jaðrinum er 100/n, og n (n+1)/2 (50+n) hundraðshlutar tekna þjóðarinnar eru festir í verðmætum.

Þegar 5.200.000 menn hafa tvinnu, er margfaldarinn mjög stór, nefnilega 50, en fjárfestingin er aðeins óverulegur hluti tekna í svipinn, nefnilega 0,06 af hundraði; ef fjárfestingin

dregst mjög saman, til dæmis um tvo þriðju hluta, lækkar tala manna í atvinnu af völdum þess samdráttar aðeins niður í 5.100.000, þ. e. um nálega 2 af hundraði. Á hinn bóginn þegar 9.000.000 menn eru við störf, er margfaldarinn á jaðrinum tiltölulega lágur, nefnilega 2½, en fjárfesting er þá verulegur hluti tekna í svipinn, nefnilega 9 af hundraði; og tala manna í atvinnu lækkar niður í 6.900.000 menn, nefnilega um 23 af hundraði, ef fjárfesting dregst saman um tvo þriðju hluta. Þegar að þeim yztu mörkum dregur, að fjárfesting hjaðni niður í ekkert, dregst atvinna saman um nálega 4 af hundraði í fyrra dæminu, en í síðara dæminu um 44 af hundraði.[1])

Í fyrra dæminu er hið fátæka samfélaganna tveggja, sem saman eru borin, fátækt sakir vöntunar á atvinnu. En sams konar ályktunarhætti verður auðveldlega við komið, þótt fátæktin verði rakin til lélegrar verkkunnáttu, tækni eða búnaðar. Þótt margfaldarinn sé þannig stærri í fátæku samfélagi en auðugu, verða áhrifin á

1) Hér að ofan er magn fjárfestingar mælt með fjölda manna, sem vann að framleiðslu þess. Ef afköst minnka á vinnueiningu, þegar atvinna vex, verður það, sem talið er tvöfalt magn fjárfestingar á kvarðann hér að ofan minna en tvöfalt magn, mælt á hlutkenndar kvarða, (ef á þess háttar kvarða er völ).

atvinnu af sveiflum í fjárfestingu miklu meiri í auðugu samfélagi, ef gert er ráð fyrir, að í svipinn sé fjárfesting í hinu síðarnefnda miklu stærri hluti framleiðslu. Af framansögðu er einnig auðsætt, að tilnefndur fjöldi manna í atvinnu við framkvæmdir á almannavegum mun, (miðað við tilnefndar forsendur,) hafa miklu meiri áhrif á heildaratvinnu, þegar mikils atvinnuleysis gætir, en síðar, þegar atvinna er orðin handa sem næst öllum. Þegar atvinna hefur dregizt svo saman í fyrra dæminu, að í atvinnu eru aðeins 5.200.000 menn, hækkar tala manna í atvinnu upp í 6.400.000 vegna ráðningar 100.000 manna til viðbótar. Ef atvinna er þegar handa 9.000.000 mönnum, er 100.000 menn til viðbótar eru ráðnir til framkvæmda á almannavegum, hækkar tala manna í atvinnu upp í 9.200.000. Þegar við magnað atvinnuleysi er að etja, geta þannig borgað sig mörgum sinnum framkvæmdir úr almannafé, þótt nytsemi þeirra orki tvímælis, jafnvel einungis með tilliti til sparnaðar á atvinnuleysisstyrkjum, ef gert verður ráð fyrir, að lítill hluti tekna sé lagður fyrir, þegar atvinnuleysi er mikið, en þær geta fremur leikið á tveimur tungum, þegar komizt er á það stig, að atvinna verði handa því næst

öllum. Ennfremur, ef sú forsenda er raunrétt, að neyzluhneigðin á jaðrinum fari jafnt og þétt minnkandi, eftir því sem færzt er nær því, að atvinna verði handa öllum, verður afleiðingin sú, að erfiðara verður en áður að tryggja frekari aukningu atvinnu með því að auka enn fjárfestinguna.

Það ætti ekki að vera vandkvæði á að taka saman yfirlit yfir neyzluhneigðina á jaðrinum á sérhverju stigi viðskiptakreppnanna úr hagskýrslum, (ef á þeim er kostur,) um heildartekjur og heildarfjárfestingu á ýmsum tímamörkum. Eins og sakir standa, eru hagskýrslur ekki nægilega nákvæmar, (eða þetta markmið ekki nógsamlega haft fyrir augum við söfnun þeirra,) til þess að annað en lauslegar ágizkanir verði á þeim byggðar. Þær, sem að mestum notum koma, svo að mér sé kunnugt, eru tölur Kuznets um Bandaríkin, þótt þær séu samt sem áður mjög vandmeðfarnar. Ef tölur þessar, hvers virði sem þær kunna að vera, eru bornar saman við áætlunartölur yfir þjóðartekjurnar, benda þær til lægri og stöðugri tölu fyrir margfaldara fjárfestingar en ég hefði vænzt. Ef einstök ár eru athuguð verða niðurstöðutölurnar harla brokkgengar. En ef tvö ár eru athuguð í senn,

virðist margfaldarinn hafa verið minni en 3 og sennilega allstöðugur í grennd við 2,5. Það bendir til neyzluhneigðar á jaðrinum, sem ekki fer upp fyrir 60 til 70 af hundraði — tölur mjög sennilegar á veltuskeiði, en furðulegar og að mínum dómi ósennilega lágar á afturkippsskeiði. En verið getur, að hin feykilega mikla íhaldssemi fyrirtækja í Bandaríkjunum í fjármálum, jafnvel á afturkippsskeiði, valdi því. Ef afskriftir fara með öðrum orðum fram, þótt fjárfesting hafi skroppið svo saman, að ekki er hirt um viðhald og endurnýjun, kemur af þeim sökum ekki til þeirrar hækkunar neyzluhneigðarinnar á jaðrinum, sem að öðrum kosti yrði. Grunur minn er sá, að þessi þáttur hafi valdið talsvert miklu um það, að gera erfiðari viðureignar en ella kreppuna, sem nýlega var í Bandaríkjunum.Hins vegar getur verið, að ýktur sýnist í hagskýrslum samdráttur fjárfestingarinnar, sem sagður er hafa numið meira en 75 af hundraði 1932, miðað við 1929, jafnframt því sem nettó „fjármunamyndun" dróst saman um meira en 95 af hundraði; — en tiltölulega lítil röskun á þessum áætlunartölum getur breytt talsverðu um margfaldarann.

UM VIÐSKIPTAKREPPUR.[1])

Bezt er að hefja máls á því, sem ég hef fram að færa, með því að taka til á síðustu stigum veltuskeiðs og í upphafi „kreppu".

Eins og að hefur verið vikið að framan, eru skil auðmagns á jaðrinum[2]) komin undir mati í svipinn á væntanlegum afrakstri af auðmagnsvörum ekki síður en verandi gnægð eða skorti auðmagnsvara og framleiðslukostnaði auðmagnsvara í svipinn. Það er þess vegna eðlilegt og skiljanlegt, hvað varanlega fjármuni snertir, að mat á framtíðarhorfum ráði úrslitum um það, í hvaða mæli hyggilegt þykir að

1) Kafli þessi er II. hluti 22. kapítula.

2) Það er oft þægilegt í samhengi, þar sem ekki er hætta á misskilningi, að skrifa „skil auðmagns á jaðrinum", þegar átt er við „töfluna yfir skil auðmagns á jaðrinum".

stofna til nýrrar fjárfestingar. En eins og sýnt hefur verið fram á, hvílir slíkt mat á völtum grunni. Það á rætur í ótraustum og óáreiðanlegum gögnum, svo að það kann að vera endurskoðað skyndilega og hastarlega.

Venja hefur verið við útskýringar „kreppna" að leggja áherzlu á hækkunarhneigð vaxtafótarins sakir aukinnar eftirspurnar eftir peningum til viðskipta og brasks. Sá þáttur getur að vísu íþyngt og ef til vill stöku sinnum orðið frumkvöðull. Ég kem því á framfæri, að víðtækasta skýring kreppna sé síður hækkun vaxtafótarins en skyndilegt hrun auðmagns á jaðrinum.

Undir lokin er veltuskeið mótað af bjartsýni um væntanlegan afrakstur auðmagnsvara, sem vegur upp á móti vaxandi gnægð þeirra og hækkandi framleiðslukostnaði og sennilega að auki hækkun vaxtafótarins. Það er í samræmi við eðli skipulagðra fjárfestingarmarkaða, mótaðra af kaupendum, allsendis ófróðum um kaup sín, og bröskurum, fremur umhugað um næstu markaðsviðbrögð en sennilegan væntanlegan afrakstur auðmagnsvara, að vonbrigði í kjölfar of mikillar bjartsýni og of tíðra kaupa koma sem reiðarslag. Ótti við og óvissa um framtíðina

samfara hruni skila auðmagns á jaðrinum verða ennfremur, eins og eðlilegt er, skyndilega tilefni aukinnar eftirsóknar í reiðufé og jafnframt hækkunar vaxtafótarins.[1]) Sakir þess að hruni skila auðmagns á jaðrinum fylgir oft í reynd hækkun vaxtafótarins, getur mjög dregið úr samdrætti fjárfestingarinnar. En mergur málsins er engu að síður fólginn í hruni skila auðmagns á jaðrinum, einkum hvað snertir það auðmagn, sem öðru fremur var vettvangur undanfarandi skeiðs mikillar nýrrar fjárfestingar. Eftirsókn í reiðufé, nema sem afleiðing aukinna viðskipta og brasks, vex fyrst *eftir* hrun skila auðmagns á jaðrinum.

Það er einmitt sakir þessa, að afturkippsskeið eru eins örðug viðfangs og raun ber vitni. Síðar stuðlar lækkun vaxtafótarins mjög að viðreisninni og er, sennilega, skilyrði hennar. En fyrst um sinn getur hrun skila auðmagns á jaðrinum gengið svo langt, að engin gerleg lækkun vaxtafótarins kæmi að gagni. Ef lækkun vaxtafótarins dygði í sjálfu sér til úrbóta,

1) Þótt einstaklingar, sem kaupa eignatilköll til fjárfestinga séu sjaldar beinlínis ábyrgir fyrir nýrri fjárfestingu, reynist athafnamönnum, sem fyrir henni eru beinlínis ábyrgir, það fjárhagslega hagstætt, og oft óhjákvæmilegt, að semja sig að skoðunum markaðsins, jafnvel þótt þeir sjálfir viti betur.

yrði efnahagsástandið ef til vill rétt við, áður en langt um liði, með aðgerðum, beinlínis eða óbeinlínis, á valdi peningastofnana. En reyndin er að vanda önnur; og það er ekki hlaupið að því að koma í fyrra horf skilum auðmagns á jaðrinum, ákvörðuðum, eins og þau eru, af viðhorfum viðskiptaheimsins, óstýriláts og einþykks. Traust manna, svo að mælt sé á daglegu máli, verður ekki endurheimt með boði eða banni í hagkerfi kapitalisma einstaklingshyggjunnar. Þetta er sá eiginleiki afturkippsskeiðs, sem bankastjórar og athafnamenn hafa réttilega lagt áherzlu á og vanmetið hafa hagfræðingar, er hafa sett traust sitt á „einskærar fjármálalegar" úrbætur.

Þá er ég kominn að aðalatriðinu. Meðal áhrifanna, sem ráða um endurreisn skila auðmagns á jaðrinum, verður leitað skýringarinnar á *hlut tímans* í viðskiptakreppunum, þeirri staðreynd, að bið um sérstaka tímalengd verður nær ávallt, áður en aftur fer að rakna úr. Til þess liggja ástæður, í fyrsta lagi lengd endingar varanlegra fjármuna með tilliti til eðlilegs vaxtarhraða á tilnefndu tímabili og í öðru lagi geymslukostnaðar umframbirgða, að afturkippurinn varir skeið, ekki ákvarðað af hendingu, sem varir til

dæmis eitt sinn eitt ár og öðru sinni tíu ár, en sem virðist hafa reglubundna lengd, svo að dæmi sé tekið, milli þriggja og fimm ára.

Horfið verður aftur til atburðarásar í kreppu. Meðan veltuskeiðið varaði, var afrakstur mikils hluta nýrrar fjárfestingar óviðunandi í svipinn. Vonbrigðin verða vegna efasemda, er skyndilega skýtur upp um væntanlegan afrakstur, ef til vill sakir merkja þess, að afrakstur í svipinn sé að dragast saman, um leið og kostur nýlega framleiddra auðmagnsvara vex jafnt og þétt. Ef framleiðslukostnaður er talinn vera hærri í svipinn en hann verður síðar, er það enn ein ástæða fyrir samdrætti skila auðmagns á jaðrinum. Þegar á efasemdum hefur örlað, breiðast þær fljótlega út. Í upphafi afturkippsskeiðs eru skil auðmagns á jaðrinum þannig á margs konar auðmagni lítil sem, eða jafnvel minni en engin. Allstöðugt fall af miðlungsendingu auðmagns á tilnefndu tímabili getur verið bið sú, sem verða hlýtur á því, að af völdum notkunar auðmagns, slits eða aldurs um endingu fram verði svo auðsær skortur þess, að aukist skil þess á jaðrinum. Ef tímabil skiptir um svip, breytist lengd þessarar hefðbundnu biðar. Ef til dæmis af tímabili fólksfjölgunar tekur við tímabil fólksfækkunar,

lengist hinn sérkennilegi áfangi viðskiptakreppunnar. En í framansögðu er fólgin veigamikil ástæða þess, að ákvörðuð orsakatengsl eru milli lengdar afturkippsskeiða og endingar varanlegra fjármuna og eðlilegs vaxtarhraða á tilnefndu tímabili.

Annar stöðugi tímaþátturinn verður rakinn til geymslukostnaðar umframbirgða, sem knýr fram notkun þeirra innan nokkurs tímaskeiðs, hvorki mjög stutts né mjög langs. Hin skyndilega stöðvun nýrrar fjárfestingar eftir kreppuna leiðir sennilega til söfnunar birgða ófullgerðra vara. Geymslukostnaður þessara vara verður sjaldan minni en 10 af hundraði árlega. Verðfall þeirra þarf að nægja til samdráttar í atvinnustarfsemi, sem leiðir til þess, að þær eru notaðar upp á bilinu frá þremur árum upp í fimm ár í hæsta lagi. Ágangur á birgðir svarar til fjárleysingar, sem er enn ein hindrun atvinnu; og að birgðum uppurnum, er fundið til mikils léttis.

Skerðing rekstrarfjár, sem verða hlýtur á áfanga samdráttar framleiðslu, er orsök fjárleysingar, sem orðið getur mikil; og þegar hafinn er atvinnulegur afturkippur, hleður hann utan um sig og verður máttugt samdráttarafl. Á

fyrsta áfanga reglulegs afurkippsskeiðs verður sennilega aukin fjárfesting í birgðum, sem dregur úr fjárleysingu rekstrarauðmagns; á næsta áfanga getur komið til skeiðs fjárleysingar bæði í birgðum og rekstrarauðmagni; eftir að lægstu mörkin eru að baki, verður sennilega frekari fjárleysing í birgðum, sem að nokkru leyti vegur upp á móti endurfjárfestingu í rekstrarauðmagni; og loksins þegar viðreisnin er komin vendilega af stað, ýta báðir þættirnir undir fjárfestingu. Á þessu sjónarsviði verður að huga að áhrifum frá sveiflum í fjárfestingu í varanlegum vörum, sem koma hinum fyrrnefndu til viðbótar og ofan í þau. Þegar samdráttur í þeirri fjárfestingu hefur hrundið af stað sveiflum viðskiptakreppu, lyftir fátt eitt undir þá fjárfestingu á ný, unz viðskiptakreppan hefur að nokkru runnið skeið sitt á enda.

Hætt er einnig því miður við, að samdráttur skila auðmagns á jaðrinum hafi óæskileg áhrif á neyzluhneigðina. Hann nær til snarps verðfalls verðbréfa á kauphöllum. Það dregur að sjálfsögðu hug úr þeim hópi manna, sem fylgist vel með gengi kauphallarverðbréfa sinna, einkum þeim, sem þau hafa keypt fyrir lánsfé. Hækkun eða lækkun verðs eignatilkalls manna

þessara ræður ef til vill öðru meiru um afstöðu þeirra til eyðslu. Þegar almenningur er kauphallasinnaður eins og í Bandaríkjunum um þessar mundir, getur hækkandi verðlag á verðbréfamarkaðnum verið allt að því skilyrði viðunandi neyzluhneigðar; og þessar kringumstæður, sem mönnum til skamms tíma hefur sézt yfir, magna auðsjáanlega enn samdráttaráhrif hruns skila auðmagns á jaðrinum.

Þegar viðreisn er loksins hafin, er auðsætt, hvernig hún sækir styrk í eigin barm og hleður utan um sig. En á áfanga samdráttarins, þegar um skeið er gnægð bundins auðmagns og birgða efna og úr rekstrarauðmagni er verið að draga, geta skil auðmagns á jaðrinum lækkað svo mjög, að á því verði ekki ráðin bót, svo að tryggt verði viðunandi stig nýrrar fjárfestingar með neinni gerlegri lækkun vaxtafótarins. Þegar mörkuðum er eins fyrir komið og eins farið og nú, geta orðið svo miklar sveiflur í mati á skilum auðmagns á jaðrinum, að upp á móti þeim verði ekki vegið með hliðstæðum sveiflum á vaxtafætinum. Ennfremur geta hliðstæðar sveiflur á verðbréfamarkaðnum, eins og bent hefur verið á að framan, dregið úr neyzluhneigðinni á jaðrinum, þegar verst gegnir. Þegar búið

er við stefnu laissez-faire, verður þannig ef til vill ekki komizt hjá miklum sveiflum í atvinnu, nema mjög langdrægar breytingar verði á hugarfari á mörkuðum fjárfestingar, eins og ekki verður vænzt. Ég dreg þá ályktun, að ekki sé óhætt að leggja þá skyldu að koma hverju sinni skipan á umfang fjárfestingar á herðar einstaklinga.

UM MERKANTILISMANN[1])

Bezt fer á að setja fram í eigin orðum það, sem mér virðist nú vera þræðir visindalegra sanninda í kennisetningum merkantilismans. Að því loknu verða þeir bornir saman við framborn-ar röksemdir merkantilistanna.

Það skyldi haft hugfast, að ávinningarnir, sem gert er tilkall til, eru þjóðlegir ávinningar, eins og ekki er dregin fjöður yfir, ólíklegir til að koma heiminum öllum að gagni.

Þegar landi safnast fremur ört auður, er hætt við, að fyrir þessa hagsældarlegu framvindu taki, þegar stefna laissez-faire skipar öndvegi, sakir þess að ónóg verður hvötin til nýrrar fjár-festingar. Að tilnefndu því, sem ákvarðar neyzlu-hneigðina, félagslegum og stjórnmálalegum kringumstæðum og þjóðlegum einkennum, verð-

1) Kafli þessi er II. hluti 23. kapítula.

ur velmegun framsækins ríkis öðru fremur komin undir hinu, að nægur verði styrkur þessara hvata, eins og á hefur verið bent. Þær geta leitt til fjárfestingar innanlands og utan, (og þá er til hinnar síðari talin upphleðsla dýrra málma,) er saman mynda heildarfjárfestingu. Þegar heildarfjárfesting er ákvörðuð af gróðafíkn einni saman, fara færi á fjárfestingu heima fyrir eftir vöxtunum innanlands; þótt umfangi fjárfestingar erlendis hljóti að vera skorinn stakkur af upphæð hagstæðs viðskiptajafnaðar. Þegar ekki er í þjóðfélaginu völ á beinni fjárfestingu undir umsjá stjórnarvaldanna, verða þannig þau efnahagslegu stefnumið, sem ætlazt verður til, að ríkisstjórnir láti sig skipta, hæð vaxta heima fyrir og greiðslujöfnuður við útlönd.

Ef launaeiningin er fremur stöðug og á ekki vanda til að taka meiri háttar stökk, (en því skilyrði er nær ávallt fullnægt,) ef allstöðugt er ástand eftirsóknarinnar í reiðufé, talinnar meðaltal skammvinnra sveiflna sinna, og ef stöðugir eru einnig starfshættir banka, kemur í ljós tilhneiging til, að hæð vaxta fari eftir magni dýrra málma, mældu í launaeiningum, á hraðbergi til saðningar óskum samfélagsins eftir reiðufé. Þegar jafnframt verður naumast við komið veru-

legum lánum til útlanda og skýlausu eignahaldi á auðæfum utan lands, verður aukning og skerðing dýrra málma að miklu leyti komin undir því, hvort greiðslujöfnuður er hagstæður eða óhagstæður.

Þannig atvikaðist það, að umhyggja stjórnarvaldanna um hagstæðan viðskiptajöfnuð miðaði að *hvoru tveggja;* og var ennfremur eina færa leiðin að þessum mörkum. Meðan stjórnarvöldin höfðu ekki beinlínis hemil á vöxtum né öðrum hvötum til fjárfestingar heima fyrir, áttu þau *beinlínis* ekki annarra kosta völ til þess að örva fjárfestingu erlendis en ráðstafana til aukningar hagstæðum viðskiptajöfnuði; og jafnframt var fólgið í innstreymi dýrra málma eina úrræði þeirra, *óbeinlínis,* til lækkunar vaxta og þá um leið til örvunar hvatarinnar til fjárfestingar heima fyrir.

Árangri þessarar stjórnarstefnu eru þó tvenn takmörk sett, eins og um skyldi ekki farið í grafgötur. Ef vextir lækka mjög innanlands og fjárfesting vex svo að umfangi, að atvinna fari út fyrir sum hættumörkin, sem við hefjast hækkanir launaeiningarinnar, fer aukins innlends tilkostnaðar að gæta í viðskiptajöfnuðinum, svo að átakið til aukningar honum hefur

gengið of langt og í bakseglin hefur slegið. Ef vextir lækka mjög innanlands í hlutfalli við vexti í öðrum löndum og lánveitingar til útlanda vaxa meira en svarar til hins hagstæða jafnaðar, getur komið til útstreymis dýrra málma í þeim mæli, að fyrri ávinningar glatist. Í stóru landi og mikilvægu í alþjóðlegum viðskiptum, er fremur hætta á, að annað hvort þessara takmarka stemmi stigu við, sakir þess að vinnsla dýrra málma í námunum er tiltölulega lítil og innstreymi peninga í eitt land jafngildir útstreymi þeirra úr öðru; svo að óhagstæðar afleiðingar hækkandi tilkostnaðar og lækkandi vaxta heima fyrir ágerist af völdum lækkandi tilkostnaðar og hækkandi vaxta erlendis, (ef ekki er gætt hófs um framfylgd merkantilisku stefnunnar.)

Í efnahagssögu Spánar á síðari hluta fimmtándu aldar og á sextándu öld verður sótt dæmi um eyðileggingu utanríkisverzlunar lands fyrir áhrif ofgnægðar dýrra málma á launaeininguna. Bretland árin fyrir (fyrri) heimsstyrjöldina er dæmi um það, að of góðar aðstæður til lánveitinga til útlanda og til kaupa á eignum erlendis komi oft í veg fyrir lækkun vaxta innanlands, eins og á hefur verið þörf til tryggingar nægri atvinnu handa öllum heima fyrir. Í sögu Ind-

lands á öllum öldum verða sótt dæmi um fátækt lands sakir eftirsóknar í reiðufé, sem orðið hefur að svo sterkri ástríðu, að jafnvel firnamikið og sífellt innstreymi dýrra málma hefur ekki hrokkið til lækkunar vaxta, svo að þeir samræmdust vexti raunverulegs auðs.

Engu að síður, ef í þjóðfélagi er íhuguð fremur stöðug launaeining, neyzluhneigð og eftirsókn í reiðufé, bæði ákvörðuð af þjóðlegum eiginleikum, ósveigjanlegar reglur um hlutfallið milli magns peninga og kosts dýrra málma, þá mun nauðsynlegt vera til varðveizlu hagsældar, að stjórnarvöldin hyggi vandlega að stöðu viðskiptajafnaðarins. En hagstæður viðskiptajöfnuður, ef ekki er of stór, mun reynast ákaflega örvandi; en óhagstæður greiðslujöfnuður gæti aftur á móti fljótlega leitt til ástands varanlegs atvinnulegs óárans.

Af þessu leiðir ekki, að sem mest höft á innflutningi leiði til sem hagstæðasts viðskiptajafnaðar. Elztu merkantilistarnir lögðu mikla áherzlu á þetta atriði og snerust oft öndverðir gegn verzlunarhöftum, þar eð þeir óttuðust óheillavænleg áhrif frá þeim á viðskiptajöfnuðinn, þegar til lengdar léti. Því verður satt að segja haldið fram, að við hinar sérstæðu að-

stæður í Bretlandi um miðja nítjándu öld, hafi stefna nær algers verzlunarfrelsis öðrum stefnum fremur í viðskiptamálum stuðlað að myndun hagstæðs viðskiptajafnaðar. Frá árunum eftir (fyrri) heimsstyrjöldina eru nærtæk mörg dæmi um misráðna skerðingu frelsis í formi viðskiptahafta, sem ætlað var að auka hagstæðan viðskiptajöfnuð, en höfðu gagnstæð áhrif.

Af þessum og öðrum ástæðum skyldi lesandinn ekki komast að ótímabærri niðurstöðu um þá *hagnýtu* stefnu, sem röksemdir vorar benda til. Sterkra grundvallarsjónarmiða almenns eðlis gætir gegn höftum á viðskiptum, nema studdar verði sérstæðum röksemdum. Kostir alþjóðlegrar verkaskiptingar eru raunverulegir og talsverðir, þótt hagfræðingar af sígilda skólanum hafi hampað þeim um of. Sú staðreynd, að hætt er við, að í ávinningum lands vors af hagstæðum jöfnuði séu fólgnir miklir ókostir fyrir eitthvert annað land, (en þess gengu merkantilistarnir ekki duldir,) hefur ekki aðeins í för með sér, að gæta verður mikillar hófsemi til þess að lönd komist ekki yfir stærri hlut kosts dýrra málma en sanngjarnt er og eðlilegt, heldur einnig til þess að óhófleg stjórnarstefna valdi ekki að ástæðulausu alþjóðlegri samkeppni um hagstæð-

an jöfnuð öllum til tjóns.[1]) Og að lokum, höft á viðskiptum eru viðsjált tæki, til að ná boðuðu marki þar eð hagsmunir einstaklinga, óhæfni embættismanna og vandinn að framfylgja þeim geta valdið því, að áhrif þeirra verði gagnstæð hinum fyrirhuguðu.

Meginið af gagnrýni minni beinist þannig að vanefnum í *fræðilegum* grundvelli kenningakerfis *laissez-faire*-stefnunnar, sem ég var alinn upp við og ég kenndi um mörg ár; — gegn því áliti, að vextir og fjárfesting taki sjálfkrafa á sig hinar ákjósanlegustu stærðir, svo að sýslan við greiðslujöfnuðinn verði sóun tíma. En vér, stétt hagfræðinganna, höfum í sjálfbirgingshætti gerzt sekir um þau mistök að líta á það sem ungæðislega meinloku, sem stjórnvísi í framkvæmd hefur öldum saman átt að meginmarkmiði.

Undir áhrifum þessarar gölluðu kenningar komust peningastofnanirnar í London smám saman upp á lag með að beita hinum viðsjárverðustu ráðum, sem hugsazt getur, til að halda jafnvægi, nefnilega forvaxtabreytingum, ásamt ná-

1) Af sömu ástæðu er hætt við, að úrbætur í formi teygjanlegrar launaeiningar, svo að við atvinnulegri óáran verði brugðizt með launaskerðingu, verði aðferð til að bæta hag vorn á kostnað nágranna vorra.

kvæmri aðgæzlu þess, að ekki raskaðist jafngildi gjaldmiðla. En í því fólst, að alveg var fallið frá því markmiði að halda vöxtum innanlands í því horfi, að þeir samræmdust nægri atvinnu handa öllum. Þar sem í reynd er ógerningur að sinna ekki um greiðslujöfnuðinn, var gripið til úrræða honum til verndar, sem fólu vextina á vald tilviljunarkenndum öflum í stað þess að vernda þá. Að undanförnu hafa forráðamenn bankanna í London orðið margs vísari, og vonir standa næstum til þess í Bretlandi, að aldrei framar verði gripið til forvaxtabreytinga til verndar greiðslujöfnuðinum við útlönd, þegar þær eru líklegar til að valda atvinnuleysi heima fyrir.

Sem kenning um einstök fyrirtæki og skiptingu framleiðslu af hálfu tilnefnds magns verðmæta verður sígilda kenningin talin framlag til hagfræðilegrar íhugunar, sem ekki verður rýrð á kastað. Það er ógerningur að hugsa skýrt um efnið án þessarar kenningar sem eins tækja hugans. Þó skyldi ekki litið svo á, að ég dragi í efa, þótt ég veki athygli á skeytingarleysi sígilda skólans um það, sem dýrmætt var í kenningum fyrirrennara þeirra. Þar sem er framlag þeirra til stjórnvísi, sem fjallar um hagkerfið

sem heild og trygingu sem ákjósanlegastrar nýtingar allra verðmæta kerfisins, kunna hinir gömlu brautryðjendur hagfræðilegrar íhugunar á sextándu og seytjándu öld að hafa átt í fórum sínum hagnýt visdómsbrot, sem hurfu í skugga óraunkenndra alhæfinga Ricardos og máðust síðan úr minni. Það var vit í ákefð þeirra við að halda niðri vöxtunum með okurlögum, með varðveizlu peningamagnsins innanlands og andófi gegn hækkun launaeiningarinnar; og fúss vilja þeirra til að rétta við peningamagnið með gengislækkun sem þrautalendingu, ef það var auðsjáanlega orðið ónógt sakir óviðráðanlegs útstreymis þess vegna hækkunar launaeiningarinnar [1]) eða hverra annarra orsaka.

1) Allt til daga Sólons að minnsta kosti, ef ekki margar aldir aftur fyrir þá, ef um þær væru til hagskýrslur, bendir reynsla manna til þess, sem af manneðlinu verður vænzt, að stöðugrar tilhneigingar gæti til hækkunar launaeiningarinnar á löngum tímaskeiðum, og að hún verði aðeins lækkuð í þjóðfélagi í hrörnun og í upplausn. Hvað sem framförum og vaxandi fólksfjölda líður, hefur hægfara vöxtur magns peninga reynzt bráðnauðsynlegur.

NIÐURLAGSORÐ UM ÞÁ FÉLAGSLEGU HEIMSPEKI, SEM ALTÆKA KENNINGIN GÆTI LEITT TIL[1])

I.

Megninágallar efnahagslegs samfélags nútíðarinnar eru vanhöld á atvinnu handa öllum og ójöfn og handahófsleg skipting auðs og tekna. Gildi framangreindar kenningar fyrir hið fyrrnefnda fer ekki milli mála. En fyrir hið síðarnefnda hefur hún einnig gildi, tvenns konar og mikilvægt.

Frá lokum 19. aldar hefur verið dregið mikið úr misskiptingu auðs og tekna með álagningu beinna skatta, — tekjuskatts og hátekjuskatts og erfðaskatts, — einkum í Stóra-Bretlandi. Margir hefðu gjarnan kosið að ganga lengra í þessum efnum, en tvö sjónarmið hafa aftrað mönnum þess, að nokkru ótti í senn við, að undan dráttur tekna til álagningar skatta verði of ábatavænlegur og að dregið verði úr hófi fram úr hvöt manna til að takast áhættu á herðar, og

1) Kafli þessi er 24. kapítuli.

enn meira, að ég held, sú skoðun, að vöxtur auðmagns sé kominn undir styrk sparnaðarhneigðarinnar og að vöxtur þessi fari að miklu leyti eftir sparnaði hinna ríku í allsnægtum þeirra. Rök bókarinnar eru óviðkomandi hinu fyrra þessara sjónarmiða. En þau geta mótað afstöðu manna til hins síðara. Vöxtur auðmagns er alls ekki kominn undir lágri neyzluhneigð, unz atvinna verður handa öllum, eins og bent hefur verið á, heldur dregur hún þvert á móti úr vexti auðmagns: og aðeins þegar atvinna er handa öllum, ýtir lág neyzluhneigð undir vöxt auðmagns. Eins og sakir standa, er sparað yfrum nóg í ýmsum stofnunum og til skuldaskilasjóða, eins og reynslan sýnir, og uppskipting tekna, sem orsakar hækkun neyzluhneigðarinnar getur ótvírætt aukið vöxt auðmagns.

Ruglingurinn í þessum efnum í huga almennings birtist skýrlega í þeirri mjög almennu skoðun, að erfðaskattur leiði til skerðingar auðlegðar landa. Ef ríkið er talið verja afrakstri skatts þessa til venjulegra útgjalda, svo að dregið er úr tekjusköttum og neyzlusköttum að sama skapi eða hjá þeim komizt, stuðlar álagning hás erfðaskatts að sönnu að hækkun neyzluhneigðarinnar. En að því marki sem aukin fjárfesting fylgir

jafnan í kjölfar hækkunar neyzluhneigðarinnar (þ. e. meðan atvinna er ekki handa öllum,) er þetta almenna viðhorf til erfðaskatta alger andhverfa sannleikans.

Af þessari röksemdafærslu er þannig dregin sú ályktun, að gagnstætt því sem oft er haldið fram, fer því alls fjarri að vöxtur auðmagns sé komin undir fastheldni ríkra um fé sitt, heldur dragi það öllu sennilegar úr honum, eins og nú er háttað skilyrðum vaxtar auðmagns. Einni helztu réttlætingu misskiptingar auðs er þannig rutt úr vegi. Um leið er ekki sagt, að engar aðrar ástæður, sem falla ekki undir kenningu þessa, geti ekki réttlætt ójöfnuð að nokkru ráði við sumar kringumstæður, En með henni eru kveðnar niður meginástæður þess, að hyggilegt hefur þótt til þessa að fara að engu óðslega í þessum sökum. Þetta gildir öðru fremur um viðhorf manna til erfðaskatta; því að ýmislegt það, sem réttlætt getur misháar tekjur, réttlætir síður, að menn hljóti að erfðum misjafnlega miklar eignir.

Fyrir mitt leyti er ég þeirrar skoðunar, að talsverð misskipting auðs og tekna verði réttlætt með félagslegum og hugrænum rökum, þótt ekki til jafns við þá, sem nú er við búið. Ýmis

dýrmæt störf yrðu ekki af hendi leyst nema að nokkru leyti, ef ekki gætti gróðafýsnarinnar. Með því að gefa mönnum kost á að komast yfir eignir og græða fé, er ýmsum hættulegum tilheigingum manna beint inn á brautir, þar sem ógn stafar ekki af þeim, þótt þær kynnu að öðrum kosti að brjótast fram sem grimmd, tillitslaus ásókn í persónuleg völd og áhrifastöður og í öðrum formum til sjálfsvegsömunar. Það er betra að menn drottni yfir bankainnstæðum sínum en samborgurum sínum; og þótt hið fyrrnefnda sé stundum fordæmt sem leið til hins síðarnefnda verður stundum valið milli þessa. En til örvunar þessari starfsemi og til fullnægingar þessara tilhneiginga er ekki þörf á jafn stórum upphæðum í borði og leikendurnir hafa vanizt. Það er sitt hvað að umbreyta manneðlinu og að hafa hemil á því. Þótt í fyrirmyndarríkinu kunni mönnum að hafa verið kennt það viðhorf eða verið innblásnir því eða verið aldir upp við það að sækjast ekki eftir upphæðunum í borði geta það enn verið viturlegir og hyggilegir stjórnarhættir að leyfa leikinn eftir settum reglum og ákveðnum, meðan miðlungsmenn, eða talsverður hluti samfélagsins, er haldinn sterkri gróðafýsn.

II.

Um ójafna eignaskiptingu í framtíðinni verður af röksemdarfærslunni að auki dregin önnur ályktun, sem lýtur miklu meira að grundvallaratriðum en hin fyrri, nefnilega vaxtakenningin. Allháir vextir hafa til skamms tíma verið réttlættir með nauðsyn þess að sjá um, að sparnaðarhvötin haldist nægilega sterk. En sýnt hefur verið fram á, að mælir fjárfestingar hljóti að hafa ákvarðað framkominn sparnað og að fjárfesting verði í ríkari mæli við *lága* vexti en háa, nema reynt sé að örva hana, eftir að atvinna er orðin handa öllum. Þannig er hagkvæmast að lækka vexti að þeim mörkum, sem miðað við töfluna um skil auðmagns á jaðrinum svara til atvinnu handa öllum.

Á því leikur enginn vafi, að vextir verða miklu lægri en þeir, sem gilt hafa til þessa, ef þessi mælikvarði er upp tekinn, og samkvæmt töflunni yfir skil auðmagns á jaðrinum er sennilegt, að vextir falli stöðugt, eftir því sem auðmagn vex, ef fært verður að sjá öllum fyrir atvinnu að miklu leyti, — nema þá mjög mikil breyting verði á heildarneyzluhneigðinni, (þegar til hennar er talin neyzluhneigð ríkisins).

Ég þykist vita, að eftirspurn eftir auðmagni séu ekki ósveigjanleg takmörk sett í þeim skilningi, að vandasamt yrði að auka kost framleiðslutækja að þeim mörkum, að skil auðmagns á jaðrinum verði mjög lág. Með þessum orðum er ekki sagt, að not tækja, sem auðmagn teljast, kostaði nær ekkert, heldur aðeins hitt, að greiðslur fyrir afnot þeirra hrykkju til lítils utan uppbóta á rýrnun þeirra sakir slits og hækkaðs aldurs ásamt nokkurri umbun vegna leikni og dómgreindar. Í fáum orðum sagt mun samanlagður afrakstur af varanlegum vörum, meðan þær endast, ekki fremur en af skammlífum vörum verða umfram kostnað við framleiðslu þeirra að viðbættum áhættuþóknun og umbun sakir verkkunnáttu og eftirlits.

Þótt ástand þetta samræmist að vísu að nokkru marki einstaklingshyggju í atvinnurekstri leiddi það til þess, að stungnir væru svefnþorni þeir, sem lifa af arði af eignum, svo að þyrri sá kúgunarmáttur kapitalistanna að geta gert sér að féþúfu gildi auðmagns sakir fágætis þess. Vextir um vora daga eru ekki umbun fyrir neina sannkallaða fórn fremur en leiga af landi. En þótt fágæti lands eigi sér náttúrulegar orsakir, gildir allt öðru máli um orsakirnar

til fágætis auðmagns. Þegar til lengdar léti hyrfu eðlilegar orsakir þessa fágætis að því leyti, sem úrbætur krefðust sannnefndra fórna, sem aðeins yrðu færðar gegn umbun í formi vaxta, nema neyzluhneigð einstaklinga yrði þannig, að nettósöfnun þyrri, þegar atvinna yrði handa öllum, fyrr en nægilega mikið væri orðið um auðmagn. En jafnvel þótt svo færi, gæti ríkið hlutast til, að söfnun í samfélaginu héldist svo mikil, að auðmagn ykist, unz það væri ekki lengur fágætt.

Á þá þætti kapitalismans, sem valda því, að menn geta lifað af arði af eignum sínum, lít ég þess vegna sem stundarfyrirbrigði, sem hverfi, óðar og þeir hafa komið að tilætluðum notum. Og þá um leið mun margt annað í kapitalismanum taka stakkaskiptum. Og sá mikli kostur fylgir auk þess þeirri atburðarás, sem verið er að mæla með, að svefnþornsdauðinn sigur ekki snögglega yfir arðsþiggjendurna, heldur smám saman upp úr því, sem að undanförnu hefur verið að gerast í Stóra-Bretlandi, og ekki þarf byltingu til að ryðja braut.

Í reynd yrði þannig stefnt að aukningu umfangs auðmagns, (en á engu þessa er meinbugur,) unz auðmagnið verður ekki lengur fágætt,

svo að eigandi fests fjár hlýtur ekki þóknun án starfs; og að tilhögun álagningar beinna skatta, sem stuðlaði að því, að tekin verði í þjónustu samfélagsins gegn sanngjarnri þóknun greind og einbeitni og athafnalægni fjármálamanna, atvinnurekenda *et hoc genus omne,* (sem áreiðanlega eru svo elskir að iðju sinni, að vinna þeirra fengist lægra verði en nú gerist).

Um leið verður að kannast við, að reynslan ein mun leiða í ljós, hve mjög almannaviljanum, eins og hann birtist í stefnu ríkisins, beri að beina að aukningu og uppfyllingu hvata manna til að festa fé; og hve mjög er óhætt að örva neyzluhneigðina að jafnaði án þess að falla frá því markmiði að svifta auðmagnið gildi þess sakir fágætis á skeiði einnar eða tveggja kynslóða. Það kann að fara svo, að neyzluhneigðin verði efld svo auðveldlega fyrir áhrif fallandi arðsfótar, að atvinna verði handa öllum við stig upphleðslu, talsvert lægra hinu núverandi. Mér skyldi ekki ætluð sú dul að neita, að svo geti farið, eða jafnvel, að það sé sennilegt. En ekki er hlaupið að því að segja fyrir, hvernig miðlungsmaðurinn bregzt við breytingu á umhverfi. Ef það skyldi samt sem áður ekki vera tormerkjum háð að tryggja sem nánast atvinnu

handa öllum við stig upphleðslu ekki miklu hærra núverandi stigi hefur brýnt vandamál að minnsta kosti verið leyst. Og taka verður sér í lagi þá ákvörðun, í hvaða mæli og með hvaða hætti rétt og sanngjarnt er að kveða núverandi kynslóð til skerðingar neyzlu sinnar til þess að koma á, er stundir líða fram, ástandi fyllingar fjárfestingar fyrir eftirkomendur sína.

III.

Að nokkru leyti verða af kenningunni hér að framan dregnar ályktanir, sem beinast til hæglátlegrar íhaldsstefnu. Þótt kenningin bendi til, að lífsnauðsyn sé, að ríkið hefji ýmsa íhlutun um mál, sem nú eru að mestu leyti látin eftir frumkvæði einstaklinga, mun sú íhlutun ekki ná til stórra athafnasvæða. Ríkið verður að móta neyzluhneigðina, að nokkru leyti með álagningu beinna skatta, að nokkru með vöxtum og ef til vill að nokkru með öðru móti. Það virðist ennfremur ósennilegt, að áhrif stefnu (seðla-) banka á vexti nægi ein saman til ákvörðunar hagkvæmastra vaxta. Ég hygg þess vegna, að tilflutningur allyfirgripsmikillar fjárfestingar yfir í hendur almenning reynist eina

leiðin til að tryggja því sem næst atvinnu handa öllum; þótt með þessu móti sé ekki loku skotu fyrir alls konar málamiðlun og ráð til að koma á samvinnu almannastofnana og einkaframtaks. En umfram þetta eru ekki sett fram auðsæ rök fyrir kerfi ríkis sósialisma, sem gripi yfir mestallt efnahagslíf samfélagsins. Eignahald framleiðslutækjanna skiptir ríkið ekki miklu máli. Ef ríkið getur ákvarðað heildarkost verðmæta, sem varið er til aukningar þessara tækja og í meginatriðum þóknunina til eigenda þeirra, hefur það komið öllu því til leiðar, sem á er þörf. Nauðsynlegur tilflutningur yfir í hendur almennings getur farið smám saman fram án þess að rof verði á almennum erfðavenjum þjóðfélagsins.

Gagnrýnin á kenningar sígildrar hagfræði, eins og menn aðhyllast þær nú, hefur síður falizt í leit að rökskekkjum í greiningum samkvæmt henni, en í hinu að vekja athygli á skilyrðunum, sem ónefndar forsendur setja henni og sjaldan eða aldrei er fullnægt; svo að með tilstuðningi þeirra verður þannig ekki ráðið fram úr efnahagslegum vandamálum heimsins. Ef sú ríkisíhlutun, sem mælt hefur verið með, dugar til að tryggja umfang heildarframleiðslu,

sem svarar til atvinnu handa öllum eða eins nálægt því og fært þykir, tekur klassíska kenningin aftur við sér. Ef umfang framleiðslunnar er talið vera þegar þekkt og ákvarðað, þ. e. ákvarðað af öðrum öflum en sígilda kenningin tekur tillit til, verður ekki mælt gegn greiningu samkvæmt sígildu kenningunni á því, hvernig hagur einstaklinga segir fyrir, hvað er sérstaklega framleitt, á hvaða veg framleiðsluþættirnir verða sameinaðir við framleiðslu þess og hvernig gildi endanlegu afurðanna skiptist milli þeirra. Þótt hér hafi verið á annan veg fjallað um sparnaðarvandamálið, verða að sama hætti ekki gagnrýnd þau skil, sem sígild kenning samtíðarinnar kann á því bili, sem farið er um hag einstaklinga og almennings við algera samkeppni annars vegar og trega samkeppni hins vegar. Ef undan er þegin íhlutun stjórnarvaldanna til að laga neyzluhneigðina að fjárfestingarhvötinni, er ekki fremur ástæða en áður til þess að flytja efnahagslega starfsemi yfir í hendur almennings..

Máli mínu til áréttingar segi ég, að engin ástæða sé til þess að ætla, að við núverandi kerfi séu mikil brögð að lélegri nýtingu framleiðsluþátta í notkun. Það koma að sjálfsögðu fyrir

mistök vegna skorts á fyrirhyggju, en í veg fyrir þær verður ekki komið með því að fela ríkinu vandann af ákvörðunum. Þegar 9.000.000 manna eru við vinnu úr hópi 10.000.000 vinnufærra og vinnufúsra manna, bendir ekkert til lélegrar hagnýtingar vinnu þessara 9.000.000 manna. Núverandi kerfi er ekki fundið það til foráttu, að þessum 9.000.000 mönnum bæri að fá önnur verk, heldur að hinum 1.000.000 skuli ekki séð fyrir starfi. Núverandi kerfi er áfátt um ákvörðun umfangs atvinnu, en ekki um nýtingu atvinnu.

Gesell er ég sammála um það, að ekki sé verið að kollvarpa Manchester-kerfinu með því að byrgja götin á sigildu kenningunni, heldur sé með því móti fremur verið að draga fram eðli umhverfisins, sem frjáls leikur efnahagsaflanna þarfnast, ef leiða á til nýtingar allrar framleiðslugetunnar. Nauðsynleg afskipti stjórnarvaldanna til tryggingar atvinnu handa öllum krefjast mikillar útvíkkunar hefðbundins verksviðs ríkisstjórna. Í sigildu kenningu samtíðarinnar er dregið fram, við hvaða aðstæður þurfi að hafa hemil á frjálsum leik efnahagsaflanna eða beina þeim í farvegi. En á víðu sviði mun frumkvæði og ábyrgð einstaklingsins eftir sem

áður geta notið sín. Á því sviði hallar ekki enn á hefðbundna kosti einstaklingshyggjunnar.

Staldrað verður við andartak í því skyni að rifja upp þessa kosti einstaklingshyggjunnar. Að nokkru eru þeir kostir hagkvæmni, — kostir sakir dreifingar valds og ábyrgðar og sakir leiksviðs handa einkahagsmunum. Sú hagkvæmni, er fylgir dreifingu ákvörðunarvalds og ábyrgðar einstaklingsins er ef til vill enn meiri en talið var á 19. öld; og afturhvarfið frá skírskotuninni til einkahagsmuna kann að hafa gengið of langt. Einstaklingshyggjan, ef unnt er að hreinsa hana af ágöllum sínum og henni er ekki misbeitt, er öllu betri vörn frelsis einstaklingsins að því leyti, að í samanburði við öll önnur kerfi færir hún mjög út valdssvið einstaklingsins. Hún er einnig bezta vörn fjölbreytninnar í tilverunni, sem einmitt stafar af þessari útvíkkun kjörsviðs einstaklingsins, en glötun þess er mestur missir alls þess, sem glatazt í ríkjum útjöfnunar eða alræðis. En í þessari fjölbreytni eru varðveittar erfðavenjurnar, sem fela í sér traustasta og bezta val fyrri kynslóða; samtíðin sækir litbrigði í það margs konar hugarflug, sem í fjölbreytninni geymist og þar sem það hefur lotið reynslu sem siðvenjum og hugarflugi,

er það ein öflugasta stoðin, sem rennur undir betri framtíð.

Þótt útvíkkun starfssviðs ríkisstjórnar í því skyni að laga hvort að öðru neyzluhneigðina og fjárfestingarhvötina, muni sýnast rithöfundum 19. aldarinnar og bandarískum fjármálamönnum hryllilegá átroðning einstaklingshyggjunnar, ver ég hana aftur á móti bæði sem hina einu færu leið til að forða frá eyðileggingu núverandi skipan efnahagsmála í heild sinni og sem skilyrði þess, að framtak einstaklingsins fái notið sín.

Ef framkominni eftirspurn er ábótavant, er óviðunandi sú sóun verðmæta, er til kemur, enda hneyksli á vitorði alþjóðar og meira að segja sérhver atvinnurekandi, sem hefst handa um hagnýtingu þessara verðmæta sækir á bratta. Í þeim leik, sem hann hefur gengið til, er áhættan mikil og núllin mörg, svo að leikendurnir sem heild munu tapa, ef þeir eiga þrótt og von til þess að gefa öll spilin. Fram til þessa hefur aukning auðlegðar heimsins ekki haldizt í hendur við sparnað einstaklinga og mismunurinn hefur falizt í tapi þeirra, sem til jafns við áræði sitt og frumkvæði hefur ekki verið gefin leikni eða heppni öðrum fremur. En ef framkomin

eftirspurn er nægileg, dugir leikni og heppni í meðallagi.

Í alvaldsríkjum samtíðarinnar virðist sem vandamál atvinnuleysisins hafi verið leyst á kostnað hagkvæmni og frelsis. Það er áreiðanlegt, að menn munu ekki miklu lengur sætta sig við atvinnuleysið, sem fylgt hefur einstaklingshyggju kapitalisma samtíðarinnar, ef undan eru skilin stutt ólguskeið, og hlýtur að fylgja henni að mínum dómi. Ef vandamálin eru brotin til mergjar, getur ef til vill tekizt að lækna sjúkdóminn án þess að þrengt verði að hagkvæmni og frelsi.

IV.

Ég hef látið þess getið, að nýja kerfið kunni að vera líklegra til þess að treysta friðinn en hið gamla. Þetta atriði er áherzlu og endurtekningarvirði.

Styrjaldir eiga sér ýmsar orsakir. Einræðisherrar og þeirra líkar, sem vænta sér að minnsta kosti ánægjulegrar geðhrifa í styrjöldinni, veitist ekki erfitt að leika á stríðshvatir þjóðar sinnar. En ofar og handan þess eru efnahagslegar orsakir styrjalda, nefnilega þrýstingur af völd-

um fólksfjölgunar og keppni um markaði, sem gera þeim auðveldara um vik en ella að leika á ástríður fjöldans. Þessi síðasti þáttur, sem sennilega átti skollaleikinn á 19. öldinni og getur átt hann enn, skiptir öllu máli í þessum umræðum.

Meðan laissez-faire-stefnan réð lögum og lofum og gjaldmiðlar hvíldu á alþjóðlega gullfætinum, áttu ríkisstjórnir ekki aðra leið en þá, að hefja samkeppni um markaði eins og bent hefur á verið í undanfarandi kapítula, úr efnahagslegu öngvegi. Allar úrbætur á varanlegu eða viðvarandi atvinnuleysi voru lýstar í bann nema úrbætur greiðsluhalla við útlönd á tekjureikningi.

En þótt hagfræðingar væru vanir að hlaða lofi ríkjandi kerfi á þeim forsendum, að það miðlaði afrakstri alþjóðlegrar verkaskiptingar og samræmdi jafnframt hagsmuni ólíkra þjóða, fólust í því önnur miður góð áhrif; og þeir stjórnmálamenn fóru ekki villir vegar um atburðarásina, sem af hyggindum sínum töldu standa höllum fæti hagsæld ríks gamals lands, sem vanrækti baráttuna um markaði. En ef þjóðirnar kæmust upp á lag með að viðhafa þá stefnu innan lands og sjá öllum fyrir vinnu

(og, að bæta verður við að hafa hemil á fólksfjölguninni,) þarf ekki að gæta áhrifa neinna sterkra efnahagslegra afla, sem geta leitt til þess, að hagsmunir eins lands rykist á hagsmuni grannríkis þess. Það væri enn rúm fyrir alþjóðlega verkaskiptingu og alþjóðlegar lánveitingar, eins og skilyrði væru til. En ríki teldu ekki lengur brýna ástæðu til að þröngva vörum sínum upp á önnur lönd eða vísa á bug tilboðum grannlands, ekki sakir aðsteðjandi greiðsluvandræða, heldur beinlínis í því skyni að koma úr skorðum alþjóðlegu greiðslujafnvægi. Viðskiptin milli landa yrðu skipti á vörum af fúsum vilja án tálmana og til gagnkvæmra hagsbóta, í stað þess að vera sem nú mótuð af örvæntingarkenndri viðleitni til að sjá öllum fyrir nægri atvinnu heima fyrir með því að þröngva vörum inn á erlenda markaði en takmarka á þeim innkaup, þannig að stefnt er að útflutningi atvinnuleysisins til grannans, sem lægri hlut hefur beðið í viðureigninni.

V.

Er uppfylling þessara vona aðeins hylling ein? Eru þær ekki nægilega tengdar framvindu þjóð-

félagsins? Rekast þær á hagsmuni, sem eru máttugri þeim, sem þær þjóna?

Ég reyni ekki að svara þessum spurningum hér? Annað bindi, annars konar en þetta, þyrfti til þess að draga fram megindrætti þeirra ráðstafana, sem þær geta smám saman iklæðzt. En ef þessar hugmyndir eru raunsannar, — en sú hlýtur að vera forsenda skrifa höfundarins, — þykist ég sjá fyrir, að varhugavert sé að draga í efa áhrifavald þeirra á nokkru árabili. Eins og sakir standa vænta menn venju fremur greininga, sem rista dýpra en áður; og eru venju fremur undir það búnir að taka við þeim; og áfjáðir að breyta eftir þeim, ef þær sýnast aðeins álitlegar. En jafnvel þótt ekki sé tekið tillit til þessara sjónarmiða samtíðarinnar, hafa hugmyndir hagfræðinga og stjórnspekinga, hvort sem hafa á réttu eða röngu að standa, miklu meiri áhrif en venjulega er talið. Satt að segja lætur heimurinn stjórnast af fáu öðru. Athafnamenn, sem þykjast vera algerlega ósnortir af fræðilegum kenningum, eru oftast þrælar einhvers hagfræðings, sem úr sér er genginn. Óðir menn í valdastólum, sem berast annarlegar raddir til eyrna, eru aðeins að kalla fram hugmyndir einhvers akademisks skrif-

finns, sem reit nokkrum árum áður. Það er sannfæring mín, að vald gróinna hagsmuna er stórlega ýkt í samanburði við hægfara ásókn hugmyndanna. Að vísu ekki þegar í stað; en að liðnu nokkru árabili; á sviði heimspeki, hagfræði og stjórnmála eru þeir ekki margir, sem verða fyrir áhrifum nýrra hugmynda, eftir að vera orðnir hálfþrítugir eða þrítugir, svo að hugmyndirnar, sem embættismenn og stjórnmálamenn og meira að segja áróðursmenn beita á atburði líðandi stundar eru að öllum líkindum ekki hinar nýjustu. En fyrr eða síðar eru það hugmyndirnar, sem leiða til góðs eða ills.

ORÐALISTI

Independent variable — Breytilegur þáttur, öðrum óháður.
Dependent variable — Breytilegur þáttur, öðrum háður.
Propensity to consume — Neyzluhneigð.
Schedule of marginal efficiency of capital — Taflan yfir skil auðmagns á jaðrinum.
Rate of interest — Vaxtafótur, hæð vaxta, vextir.
Volume of employment — Umfang atvinnu.
State of long-term expectations — Mat á horfum langt fram í tímann.
Level of national income — Hæð þjóðartekna.
Quantity of effort — Framlag áreynslu.
Unique correlation — Að geta aðeins verið tengt á einn veg
Aggregate supply function — Fall heildarframboðs.
Physical conditions of supply — Hlutlæg skilyrði framboðs.
Quantity of employment — Magn atvinnu.
Level of effective demand — Umfang framkominnar eftirspurnar.
Supply function of labour — Fall framboðs vinnu.
Employment function — Fall atvinnu.
Prospective yield — Væntanlegur afrakstur.
Liquidity preference — Eftirsókn í reiðufé.
Disinvestment — Fjárleysing.
Inducement to invest — fjárfestingarhvöt.

EFNISYFIRLIT


Bls.

Inngangur

Um gagnrýni J. M. Keynes á atvinnukenningu enska hagfræðiskólans 7

Kaflar úr Altæku kenningunni um atvinnu, vexti og peninga

Um altæku kenninguna um atvinnu, vexti og peninga 29
Altæka kenningin 39
Altæka atvinnukenningin samandregin 41
Margfaldarinn 57
Um viðskiptakreppur 65
Um merkantilismann 74
Niðurlagsorð um þá félagslegu heimspeki, sem altæka kenningin gæti leitt til 83
Orðalisti 103



John Maynard Keynes